

The logo consists of the letters 'VR' in a bold, white, sans-serif font, centered within a dark blue square.

VR BLAÐIÐ

03 2020



BLAÐSÍÐA 18

Mundu eftir
félagsgjaldinu

BLAÐSÍÐA 20

Sprengja í afgreiðslu
starfsmenntastyrkja

BLAÐSÍÐA 24

VR á Suðurnesjum

BLAÐSÍÐA 30

Vinummarkaðsúræði VR



16

FÉLAGSMÁL

- 3**
Fréttir
- 4**
Leiðari
- 7**
Verkefni 44. Þings ASÍ
- 8**
Framhaldsaðalfundur VR
- 14**
Vel heppnað samstarf VR og Neytenda-samtakanna gegn ólöglegum smálánum
- 18**
Mundu eftir félagsgjaldinu
- 20**
Sprengja í afgreiðslu starfsmenntastyrkja
- 22**
Tækifæri í þróun stafrænnar hæfni
- 24**
VR á Suðurnesjum
- 30**
Vinumarkaðsúræði VR
- 32**
Námskeið fyrir félagsmenn
- 34**
Krossgátan

TRÚNAÐARMENN

- 10**
Trúnaðarmaðurinn mikilvægur sem aldrei fyrr
- 12**
Trúnaðarmaðurinn – viðtal
- 13**
Trúnaðarmannanámskeið

KJARAMÁL

- 6**
Spurt og svarað um réttindi félagsmanna vegna COVID-19
- 16**
Þú átt rétt á launaviðtali
- 28**
Að viðhalda eftirspurn



20



24



Forsíðumynd: Gamli vitinn á Garðskaga

VR BLAÐIÐ

3. tbl. 42. árgangur september 2020

Hús verslunarinnar

Kringlan 7

103 Reykjavík

Sími 510 1700

vr@vr.is

www.vr.is

Ábyrgðarmaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Ritstjóri

Fjóla Helgadóttir

Ritstjórn

Árni Leósson

Elva Hrönn Hjartardóttir

Fjóla Helgadóttir

Ragnar Þór Ingólfsson

Steinunn Böðvarsdóttir

Þorsteinn Skúli Sveinsson

Umbrot og útlit

Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur og Guðmundur Þór

Prentun

Svansprent

Upplag

23.200

Stjórn VR

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður

Harpa Sævarsdóttir, varaformaður

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, ritari

Arnþór Sigurðsson

Bjarni Þór Sigurðsson

Friðrik Boði Ólafsson

Fríða Thoroddsen

Helga Ingólfssdóttir

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Selma Árnadóttir

Selma Björk Grétarsdóttir

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir

Sigurður Sigfússon

Þorvarður Bergmann Kjartansson

Varamenn

Jóhann Már Sigurbjörnsson

Sigmundur Halldórsson

ERTU Á LEIÐ Í NÁM?

Félagsmenn VR geta sótt um styrki vegna:

Náms – greitt er 90% af starfstengdu námi, námskeiði eða ráðstefnu. Styrkur getur numið allt að 130.000 kr. á hverju almanaksári, sem er jafnframt hámarksstyrkur.

Tómstundanámskeiða – greitt er 50% af tómstundanámskeiði. Styrkur getur numið allt að 30.000 kr. á hverju almanaksári (dregst frá hámarksstyrk).

Ferðakostnaðar vegna starfstengds náms, námskeiðs og ráðstefnu. Greitt er 50% af ferðastyrk, sem getur numið allt að 40.000 kr. á hverju almanaksári (dregst frá hámarksstyrk).


Ef ekki hefur verið sótt um starfstengdan styrk í þrjú ár í röð er hægt að sækja um uppsafnaðan styrk fyrir 90% af námskeiðsgjaldi, að hámarki 390.000 kr., fyrir einu samfelldu námi.

VR er aðili að tveimur starfsmenntasjóðum; Starfsmenntasjóði verslunar og skrifstofufólks (SVS) og Starfsmenntasjóði verslunarinnar (SV). Réttindi til styrks byggja á greiddu iðgjaldi atvinnurekanda sl. 12 mánuði. Réttindin eru hlutfallsleg ef laun eru lægri en byrjunarlaun.

Félagsmenn geta séð réttindi sín í sjóðum og sótt um rafrænt á Mínum síðum á vr.is 




ÞING ALPÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS MEÐ ÖVENJULEGU SNIÐI Í ÁR

Þing Alþýðusambands Íslands mun verða með breyttu sniði í ár vegna Covid-19 faraldursins. Í stað þriggja daga þings nú í október verður haldið fjögurra tíma fjarþing og þingi svo frestað til vors. VR mun eiga 90 þingfulltrúa á þessu þingi. Yfirskrift þingsins að þessu sinni er „Réttlát umskipti“ 



NÝ AUGLÝSINGA-HERFERÐ VR

VR hefur ráðist í auglýsingaherferð til að kynna sjóði og þjónustu félagsins, bæði fyrir félagsmönnum og öðrum.

Byggir herferðin á stuttum kynningarmyndböndum um þjónustuþætti VR, til dæmis Sjúkrasjóðinn, trúnaðarmenn félagsins og fleira. Áætlað er að auglýsingarnar fari í loftið í október og verða þær sýnilegar á samfélagsmiðlum og vef félagsins. Það er auglýsingastofan Hvíta húsið sem hefur veg og vanda af auglýsingunum. 



LEIÐARI FORMANNS

GÖMUL SAGA OG NÝ

Eftir bankahrunið og þá efnahagskreppu sem fylgdi í kjölfarið varð mikill samfélagslegur skaði, gjarnan vegna aðgerðarleysis og glundroða. Þar kom helst til stefnu- og sinnuleysi ráðamanna og þeirra sem gæta áttu afkomu og líf skjara almennings. Markaðsmenn og hluti fjármálakerfisins, sem áttu svo stóran orsakabátt í þessu hruni fengu frítt spil til að gera það sem þeim sýndist og þeir kannski töldu fyrir bestu fyrir sig sjálfa, með skelfilegum afleiðingum fyrir tugþúsundir samborgara okkar og fjölskyldur þeirra. Afleiðingar sem enn eru að raungerast og ekki verða mældar til fjár.

Endurreisn og eftirmálar þess hruns voru þannig oftar en ekki byggð á sömu hugmyndafræði og olli því.

Síðan þá hafa fallið þungir dómar yfir helstu persónum og gerendum hrunsins, skrifuð rannsóknarskýrsla og bækur en lítið fer þó fyrir eftirsjá og iðrun ef marka má t.d. þær fréttir sem berast af auðmönnum sem aðgang hafa að auðlindum hafsins. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að stjórn málin og samfélagið standi saman gegn auðhringjum sem einskis svífast til að græða sem mest, hvað sem það kostar, og endurskrifa söguna eftir eigin hentugleik, af lítilli siðferðiskennni.

Þungi dómurinn féll ekki aðeins á gerendur bankahrunsins heldur líka á hugmyndafræðina, peningakerfið, sem allir trúðu á í blindni og töldu hina heilögu lausn. Hugmyndafræði sem hefur vonandi fengið sinn dauðadóm.

Það jákvæða er að við erum að nálgast mikilvægustu forgangsroðunina við björgun og endurreisn samfélaga í djúpum efnahagskreppum. Jafnvel þótt margir í stjórn málum og í atvinnulífinu virðist ætla að notast við sömu aðferðarfræði og peningahagfræði sem öllum má vera ljóst að er löngu hrugin og hefur runnið sitt skeið. Sífelld fleiri fræðimenn, stjórn málamenn og forsvarsmenn fjármálakerfisins stíga fram og viðurkenna hugmyndafræðilegt þrot og tala fyrir breyttum áherslum. Það sama er ekki hægt að segja um suma forsvarsmenn atvinnulífsins sem eru enn tilbúnir að fórna lífsgæðum og jafnvel heilsu almennings til að laga efnahagsreikninginn, tímabundið, og telja glapræði að hækka atvinnuleysisbætur eða laun í nafni samkeppnishæfni. Sömu „tækifæri“ sköpuðust þegar fjármála fyrirtækin hirtu allt sem hægt var að hirða af fólki á hrakvirði sem aftur var komið í hendur vildarvina elítunnar sem högnuðust gríðarlega fyrir vikið.

Með samræmdu átaki á þessum fordæmalausum tímum ætti engin að þurfa að hafa áhyggjur af því, ofan á atvinnumissi eða tekjufall, hvort greiða eigi reikninga eða kaupa mat. Vanskilabréf og innheimtuviðvaranir, milliinnheimtur og dráttarvextir eru eitur á svona tímum.

Við erum ekki að fara aftur á þann stað.

En hvernig stöndum við gagnvart einni mestu efnahagskreppu samtímans sem nú ríður yfir heimsbyggðina af öllum sínum þunga?

Sú breyting hefur raunar orðið að forsvarsmenn fjármálakerfisins og hluti stjórn málaflanna eru farin að átta sig á skaðsemi þess að ganga hart fram gagnvart fólkinu og fyrirtækjum þegar þrengir að. Eru jafnvel farin að skilja hrikaleg langtímaáhrif þess að knésetja viðskiptavini sína, gullgæsina, vegna skammtímaástands sem engin sá fyrir. Nú þegar hafa bankar og lífeyrissjóðir tekið ákvörðun um að vinna með fólki í stað þess að vinna gegn því með greiðsluskjólum og frýstingu afborgana lána.

Á komandi kosningaári munum við því eins og alltaf leggja línurnar út frá hagsmunum og á forsendum félagsmanna okkar.

Við höfum mögulega lært af biturri reynslu hversu íþyngjandi og skaðlegar harðar innheimtuaðgerðir geta verið. Það þarf hinsvegar að ganga miklu lengra og samræma aðgerðir. Aðlaga greiðslugetu eftir tekjum sem í mörgum tilfellum hafa fallið svo niður að þær hrökkva varla nema til að brauðfæða og greiða fyrir helstu nauðsynjar. Með samræmdu átaki á þessum fordæmalausum tímum ætti engin að þurfa að hafa áhyggjur af því, ofan á atvinnumissi eða tekjufall, hvort greiða eigi reikninga eða kaupa mat. Vanskilabréf og innheimtuviðvaranir, milliinnheimtur og dráttarvextir eru eitru á svona tímum. Eitru sem drepur niður þann neista og kraft sem við nauðsynlega þurfum til að reisa okkur við þegar birtir til.

Þetta eru aðgerðir sem skekkja ekki endilega efnahagsreikning bankanna þó fjárstreymi verði takmarkað til skamms tíma. Það er allt undir í þessum efnunum vegna þess að ef okkur tekst vel til munum við afsanna mýtur um skuldir ríkissjóðs, tilurð peninga og hallarekstur ríkis sem útgefanda eigin gjaldmiðils.

Við í VR höfum svo sannarlega ekki setið auðum höndum á þessum erfiðu tímum. Starfsfólk félagsins hefur unnið þrotlaust við að setja saman aðgerðaráætlanir um einhver þau umfangsmestu og metnaðarfullstu vinnumarkaðsúræði og annan stuðning við félagsmenn sem til eru í sögu félagsins. Stjórn VR hefur svo unnið markvisst við að þrýsta á stjórnvöld til að bæta kjör þeirra sem verst verða úti. Við munum leggja alla okkar krafta í að koma í veg fyrir að sorgarsaga síðasta hruns verði endurtekin. Við munum berjast með kjafti og klóm í að tryggja allan þann sveigjanleika sem mögulega þarf til að komast í gegnum þetta. Samstaða og samheldni verkalýðshreyfingarinnar mun ráða úrslitum um lífskjör okkar til framtíðar. Á komandi kosningaári munum við því eins og alltaf leggja línurnar út frá hagsmunum og á forsendum félagsmanna okkar.

Við eigum að leggja línurnar og stjórna því hvernig hlutirnir eru framkvæmdir, ekki öfugt... Punktur! [VR](#)

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

FRÉTTIR

VR STYÐUR BARÁTTUNA GEGN KYNÞÁTTAMISRÉTTI

VR vill minna á að verkalýðshreyfingin byggir á grunni þar sem tekin er afstaða gegn hverskonar mismunun. Í því ljósi tekur VR undir með þeim sem hér á landi hafa gagnrýnt misrétti undir merkjum þess að - Líf svartra skipti máli - þar sem kerfisbundið er brotið á réttindum fólks á grundvelli húðlitar. VR vill að það komi skýrt fram að við styðjum af heilum hug baráttuna gegn rasisma og teljum verkalýðshreyfingunni skylt að standa þétt með þeim sem heyja þá baráttu. Rasismi er kerfislægt samfélagsmein um allan heim sem hefur áhrif á félagslegt og efnahagslegt réttlæti og kemur okkur öllum við. Sem stéttarfélag er VR daglega að berjast fyrir réttindum, virðingu og réttlæti til handa félagsmönnum sínum. Við lítum svo á að allir, óháð uppruna, trú eða kynferði eigi skilyrðislausan rétt á jafnrétti og réttlæti á vinnumarkaði. Við styðjum því réttlætisbaráttu svartra m.a. með systursamtökum okkar í alþjóðastarfi verkalýðsfélaga gegn hvers konar fordómum og ójafnrétti, því líf svartra skipta máli. Black lives matter. [VR](#)



VR BÝÐUR UPP Á RAFRÆNAR SKÓLAKYNNINGAR

VR býður áfram upp á skólakynningar fyrir útskriftahópa í grunn- og framhaldsskólum og í vetur verður einnig hægt að fá kynninguna rafræna. Mikil ánægja hefur verið með kynningarnar en markmiðið er að kynna fyrir nemendum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Í kynningunni er farið yfir helstu grunnþætti sem mikilvægt er að ungt fólk þekki þegar það fer út á vinnumarkaðinn sem og hvaða hlutverki stéttarfélagin gegna og þjónustuna sem þau veita. Forsvarsmenn skóla geta fengið frekari upplýsingar og bókað kynningu með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700 eða sent tölvupóst á sandra@vr.is. [VR](#)

SPURT OG SVARAÐ UM RÉTTINDI FÉLAGSMANNA VEGNA COVID-19

Við hvetjum félagsmenn til þess að sækja sér þjónustu VR með rafrænum hætti en einnig er hægt að fá þjónustu í gegnum síma, 510 1700, tölvupóst, vr@vr.is og á Facebooksíðu félagsins. Öllum fyrirspurnum er svarað eins fljótt og auðið er á opnunartíma skrifstofu, kl. 8:30-16:00. Við biðlum til félagsmanna að virða fjarlægðamörk, spritta vel hendur og vera með grímu við komuna á skrifstofur okkar.

Kjaramálasviðið hefur fengið gríðarlega mikið af spurningum og vanga-veltum tengdum réttindum félagsmanna og hefur þeim verið safnað saman á vef VR undir „Upplýsingar vegna COVID-19 veirunnar“ en algengustu spurningarnar undanfarnar vikur hafa aðallega snúið að réttarstöðu varðandi laun í sóttkví og fleiru því tengdu. Hér fyrir neðan birtum við svör við þessum spurningum og hvetjum jafnframt félagsmenn til þess að leita sér upplýsinga á vefnum og hika ekki við að hafa samband við okkur ef spurningar vakna.

Hvað geri ég ef atvinnurekandi óskar eftir að ég skili læknisvottorði vegna fjarvistar þegar ég er í sóttkví?

Ef þú hefur verið skikkaður í sóttkví af hálfu fyrirmælis sóttvarnarlæknis þá sækir þú læknisvottorð vegna þess á vefsíðunni heilsuvera.is.

Ég er sett/ur í sóttkví/einangrun af hálfu atvinnurekanda:

Viðkomandi á rétt á fullum launagreiðslum.

Ég er sett/settur í sóttkví/einangrun af hálfu landlæknis:

Atvinnurekandi greiðir þér laun. Atvinnurekandi getur svo sótt um greiðslur til Vinnumálastofnunar sem mun annast umsýslu og greiðslu til atvinnurekanda. Á þetta við í þeim tilfellum þegar önnur réttindi skv. kjarasamningi eiga ekki við ef þú hefur þurft að sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda og ekki getað sinnt vinnu að hluta eða öllu leyti.

Ef þú hefur verið sjálfstætt starfandi þá gilda sambærileg skilyrði, hafðu samband við Vinnumálastofnun. Sjá nánar á vef Vinnumálastofnunar – www.vinnumalastofnun.is.

Ég fer í sjálfskipaða sóttkví/einangrun:

Þú getur ekki tekið ákvörðun einhliða um það að fara í sóttkví/einangrun. Ef þú telur þig vera í sérstakri hættu verður þú að koma því á framfæri og er eðlilegt að atvinnurekandi komi til móts við þig. Í öllum tilfellum verður þú að semja við þinn næsta yfirmann. Í sumum tilfellum er hægt að vinna að heiman. Ef ekki næst samkomulag um að þú vinnir að heiman og sért í sjálfskipaðri sóttkví þá er það á eigin áhættu og kostnað þar sem þú getur ekki tekið einhliða ákvörðun um vinnusambandið. Því leggjum við alltaf áherslu á að semja við þinn næsta yfirmann.

Ef ég er í sóttkví og er veik/veikur:

Þú átt veikindarétt skv. kjarasamningi, að honum tæmdum áttu mögulega rétt á greiðslum úr Sjúkrasjóði.

Ef ég er sett/ur í sóttkví, þarf ég þá að vinna heiman frá mér ef farið er fram á það?

Ekki er hægt að skipa þér einhliða að vinna að heiman. VR vill þó benda öllum á að leggjast á eitt gegn þessari vá ef hægt er að koma því við til að halda samfélaginu og atvinnulífinu gangandi. Slík ákvörðun er að mati VR ávallt sameiginleg á milli þín og yfirmanns þíns. Í þessum tilfellum skal atvinnurekandi útvega þau tæki og tengingar sem til þarf.

Hvað ef barn er sett í sóttkví/einangrun, hver eru réttindi foreldra til að vera heima?

Um það gilda reglur kjarasamninga um fjarvistir foreldra vegna veikra barna, sé barnið veikt. Þegar veikindaréttur barns hefur verið tæmdur áttu mögulega rétt á greiðslum úr Sjúkrasjóði.

Ef barn er ekki veikt en þarf að sæta sóttkví og er undir 13 ára aldri þá á starfsmaður rétt á greiðslum. Allar upplýsingar um greiðslur í sóttkví eru á vefsíðu Vinnumálastofnunar – www.vinnumalastofnun.is.

Ég fór erlendis og þarf að vera í sóttkví, fæ ég greidd laun á meðan?

Ef einstaklingur fer erlendis á eigin vegum er atvinnurekandi ekki greiðsluskyldur gagnvart starfsmanninum.

Fyrirtækið er að verða gjaldþrota, hver er réttarstaða mín?

Mikilvægt er að setja sig strax í samband við kjaramálasvið VR. Hægt er að hringja í síma 510 1700 eða senda tölvupóst á vr@vr.is Sjá allar upplýsingar á vef VR undir „Gjaldþrot fyrirtækja“.

Ef einhverjar spurningar vakna hafið samband við kjaramálasvið VR í síma 510 1700 eða sendið tölvupóst á kjaramal@vr.is.

VERKEFNI 44. ÞINGS ASÍ Í OKTÓBER 2020

Þing Alþýðusambands Íslands mun verða með óvenjulegu sniði í ár vegna Covid-19 faraldursins. Í stað þriggja daga þings nú í október verður haldið fjögurra tíma fjarþing og þingi svo frestað til vors. VR mun eiga 90 þingfulltrúa á þessu þingi. Yfirskrift þingsins að þessu sinni er „Réttlát umskipti“ og munu þingfulltrúar vinna að fjórum meginverkefnum sem eru eftirfarandi:

1. ÖFLUGT ATVINNULÍF Á SJÁLFBÆRUM GRUNNI – GÓÐ GRÆN STÖRF

Þær áskoranir sem atvinnulífið um heim allan stendur frammi fyrir eru breytingar á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og tækniþróunar. Þessar breytingar setja frekari þrýsting á samfélög að nýta tæknina til að auka hagsæld og velferð samfélagsins og aðlagast örum breytingum. Samfélagsþróun og sjálfvirknivæðing kemur til með að breyta samsetningu starfa á vinnumarkaði og mun störfum fækka í sumum greinum en fjölga í öðrum. Í kjölfarið gefst tækifæri til að skapa græn og sjálfbær störf sem standa undir góðum lífskjörum um land allt en loftlagsbreytingar af mannavöldum eru ein stærsta áskorun samtímans og hafa þegar haft víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf, lífskjör og afkomu almennings um allan heim.

2. RÉTTINDI OG FÉLAGSLEG VERND

Eins og kom fram hér að ofan standa íslenskt atvinnulíf og vinnumarkaður frammi fyrir miklum breytingum á næstu misserum og árum. Breytingum sem þegar eru hafnar sem afleiðingar af nýjum áherslum í umhverfismálum og tækniþróunum með gervigreind og aukinni sjálfvirkni. Þessar breytingar fela m.a. í sér minna starfsöryggi og ótryggt vinnusamband í stað hefðbundins ráðningarsambands á milli launafólks og atvinnurekenda sem hvílir á grunni hefðbundinna kjarasamninga. Til að takast á við þróunina á vinnumarkaði og þær breytingar sem þar eru í gangi er mikilvægt að styrkja stöðir vinnumarkaðskerfis sem byggir á öflugum samtökum launafólks, kjarasamningum sem ná til vinnumarkaðarins alls, reglum um vinnusamband og öryggisnet sem tryggja öllum afkomuöryggi. Samhliða þarf að vera til staðar öflugt eftirlit sem tryggir að kjör og réttindi launafólks séu virt og hörd viðurlög við launabjórnaði og öðrum brotum.

3. MENNTUN TIL FRAMTÍÐAR

Breytingar í atvinnulífinu og á vinnumarkaði með nýrri tækni og breyttum atvinnuháttum kalla á að einstaklingar endurnýi stöðugt þekkingu sína og færni. Gefa verður öllum tækifæri til að efla færni sína, afla sér menntunar og bæta þar með stöðu sína á vinnumarkaði.



Verkalýðshreyfingin þarf að standa vörð um jafnt aðgengi allra að sí- og endurmenntun, óháð efnahag og búsetu. Til framtíðar þarf að styðja við og styrkja atvinnulíf sem byggir á heilbrigðum vinnumarkaði, réttlátum umskiptum, sjálfbærni, frumkvæði og nýsköpun.

4. RÉTTLÁTT SKATTKERFI

Ójöfnuður er ógn við lífsgæði, lífslíkur og heilsu fólks. Ójöfnuði er viðhaldið af óréttlátu skattkerfi sem skattleggur tekjur fjármagnseigenda og fjölþjóðafyrirtækja með öðrum hætti en launatekjur. Óréttlát skattkerfi, fjársveltur eftirlitsstofnanir og aðgerðarleysi stjórnvalda hafa búið til leiðir fyrir einstaklinga og fjölþjóðafyrirtæki til að komast hjá þátttöku í fjármögnun samfélagsins. Hlutverk skattkerfisins er að stuðla að samfélagssátt, tryggja jöfnuð og leggja grunn að velferð þjóðarinnar. Alþjóðastofnanir telja sterk rök fyrir því að skattkerfinu sé beitt til að draga úr ójöfnuði. Réttlát skattkerfi mun einnig leika lykilhlutverk í að fjármagna velferðarkerfi sem getur mætt afleiðingum Covid-19 og þeim gríðarlegu áskorunum sem felast í loftslags- og tækniþróunum. [v](#)

FRAMHALDSAÐALFUNDUR VR

Vegna kórónaveirufaraldursins var aðeins eitt mál á dagskrá aðalfundar VR þann 25. mars sl. en það var lýsing á kjöri stjórnar og trúnaðar-ráðs. Því var haldinn framhaldsaðalfundur VR á Hótel Hilton Reykjavík Nordica þann 9. júní 2020 svo ljúka mætti afgreiðslu hefðbundinna aðalfundarstarfa. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, flutti skýrslu stjórnar og sagði frá viðburðarríku starfsári þar sem bar hæst samein- ing VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja en við það urðu félags- menn VR rúmlega 37 þúsund talsins. Stóra málið var þó gerð og samþykkt hins s.k. Lífskjarasamnings sem er tímamótasamningur um krónutöluhækkunarir en ekki prósentur og þar sem áherslan var á lægstu tekjuhópana. Í máli Ragnars Þórs Ingólfssonar kom einnig fram að mikil vinna hafi verið unnin í hópi um húsnæðismál og svo hafi samvinna með Neytendasamtökunum tekist sérlega vel hvað varðar baráttu gegn ólöglegri starfsemi smálánafyrirtækja.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir reikninga félags- ins á þessum fundi en afkoma ársins hækkar um 552 milljónir króna og eru rekstrartekjur um 4.5 milljarðar króna. Fjármagnsliðir eru 1.1 milljarður króna og eru nær eingöngu ávöxtun á verðbréfasöfnum félagsins en ávöxtunin hækkaði verulega á milli árunna 2018 og 2019 og var raunávöxtun ársins 9,02%. Heildareignir VR hækkuðu á árinu um 1.6 milljarð króna og er eigið fé nú um 13.7 milljarðar króna.



Framhaldsaðalfundurinn samþykkti einnig að framlag í VR varasjóð verði samtals 785 milljónir króna fyrir árið 2019.

Þá voru samþykktar á þessum fundi þrjár tillögur um lagabreytingar frá stjórn félagsins en þær voru þessar:

FYRSTA TILLAGAN er innskot á setningu í 3. gr. um félagsaðild og er samþykkt tillagan þessi með breytingu í skálettri:

3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllum. Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. *Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjara- samninga eða verkföll.*

ÖNNURTILLAGAN er innskot á setningu í 11. gr. um hæfi stjórnar- manna og er samþykkt tillagan þessi með breytingu í skálettri:

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. *skulu starfa á starfssviði VR, skulu vera fjár síns ráðandi, og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað.*



ÞRIÐJA TILLAGAN varðar 25. gr. um félagsfundi og var samþykkt þannig með breytingum í skáletri:

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. *Mál, sem ekki hafa verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins.*

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja og hér að ofan greinir.



TJALDSVÆÐI VR Í MIÐHÚSASKÓGI

Tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi hefur verið vinsælt í sumar hjá félagsmönnum og mikið notað enda aðstaða þar góð fyrir tjöld og ferðavagna. Vegna tilmæla sóttvarnarlæknis var svæðinu skipt upp í hól og var einungis hægt að bóka sér tjaldstæði á Mínum síðum. Slíkt bókunarfyrirkomulag mældist svo vel fyrir hjá félagsmönnum að ákveðið hefur verið að halda fyrirkomulaginu óbreyttu næsta sumar.

Nú hefur tjaldsvæðinu verið lokað fyrir veturinn og vill VR þakka félagsmönnum kærlega fyrir góða umgengni um svæðið í sumar! [VM](#)





TRÚNAÐARMAÐURINN MIKILVÆGUR SEM ALDREI FYRR

Mikill áhugi hefur verið á trúnaðarmannastarfinu undanfarin misseri og hafa bæði stytting vinnuvikunnar, sem tók gildi þann 1. janúar sl., og heimsfaraldur Covid-19 gert það að verkum að enn fleiri vinnustaðir sjá hag sinn í því að kjósa sér trúnaðarmann enda sannar trúnaðarmaðurinn mikilvægi sitt á tímum sem þessum.

AF HVERJU ÆTTU STARFSMENN AÐ KJÓSA SÉR TRÚNAÐARMANN Á SÍNUM VINNUSTAÐ?

Að vera með trúnaðarmann á vinnustaðnum er mikilvægt bæði fyrir félagsmenn stéttarfélagins á vinnustaðnum og fyrir stjórn og starfsmenn stéttarfélagins. Að vera með trúnaðarmann á vinnustaðnum er eins og að vera með nokkurs konar útibú frá VR á staðnum. Trúnaðarmaðurinn á fyrst og fremst að gæta þess að á vinnustaðnum séu kjarasamningar og lög virt. Eins og sagt er í 3. mgr. 9. gr. laga um réttindi stéttarféлага og afstöðu þeirra til atvinnurekenda nr. 80/1938: „Trúnaðarmaður skal gæta þess, að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna.“

Tilvísun í borgaralegan rétt þýðir að starfsmenn geta leitað til trúnaðarmannsins með ýmis málafni er varða vinnustaðinn, líðan þeirra þar eða aðbúnað. Þessum upplýsingum kemur trúnaðarmaðurinn nafnlaust á framfæri við stjórnendur vinnustaðarins svo ekki sé hægt að bendla ábendinguna við ákveðinn starfsmann eða starfsmenn. Trúnaðarmanninum ber síðan skylda til að koma svari eða upplýsingum við fyrsta tækifæri til þeirra sem til hans leituðu. Trúnaðarmaðurinn hefur einnig greiðan aðgang að starfsmönnum og stjórn VR og getur því komið ábendingum um gerð kjarasamninga greiðlega á framfæri frá sínum samstarfsmönnum.

Trúnaðarmaður fær upplýsingar um það sem á sér stað hjá stéttarfélaginu og miðlar því áfram til samstarfsmanna þannig að starfsmenn

Ef trúnaðarmaður þarf að beita sér í málum fyrir hönd sinna samstarfsmanna þarf hann ekki að hafa áhyggjur af starfi sínu því hann nýtur verndar gegn uppsögn.

TRÚNAÐAR-
MENN

á vinnustöðum með virkan trúnaðarmann eru oft mun betur upplýstir um það sem er að gerast en fyrirtæki sem ekki eru með trúnaðarmann. Þetta er mjög mikilvægt, sér í lagi þegar kjarasamningsviðræður eiga sér stað. Ávinningur starfsmanna af því að vera með trúnaðarmann er því talsverður.

AF HVERJU ÆTTI EINHVER AÐ BJÓÐA SIG FRAM TIL TRÚNAÐARMANNASTARFA?

Trúnaðarmannastarfið er fyrir alla þá sem er annt um samstarfsmenn sína. Sá sem hefur áhuga á þessu starfi en telur sig ekki hafa þekkingu á því eða á kjarasamningum og býður sig þar af leiðandi ekki fram þarf ekki að hafa áhyggjur. Það að hafa áhuga er mjög góð byrjun. VR er með öfluga fræðslu af ýmsum toga sem nýtist trúnaðarmanninum í sínum störfum. Til að mynda ítarlega fræðslu um kjarasamninginn, námskeið um samskiptafærni og námskeið um trúnaðarmannastarfið svo eitthvað sé nefnt.

Verkefni trúnaðarmannsins eru fjölbreytt og fela meðal annars í sér að svara spurningum um kaffitíma, koma ábendingum til stéttarfélagsins um atriði fyrir kröfugerð vegna kjarasamninga, koma ábendingum eða kvörtunum á framfæri við atvinnurekanda, kynna fyrir samstarfsmönnum sínum kynningarefni og skilaboð frá VR, veita upplýsingar um kjarasamninga, réttindi og skyldur og aðstoða við að koma málum í réttan farveg. Þessi upptalning er alls ekki tæmandi.

Ef upp kemur ágreiningur er trúnaðarmaður ekki dómari en honum ber skylda til að hlusta á alla sem að málinu koma og koma upplýsingum til atvinnurekanda varðandi úrlausn málsins. Þá hefur trúnaðarmaðurinn aðgang að sérfræðingum á kjaramálasviði VR sem í flóknum málum taka við boltanum sé þess óskað. Trúnaðarmaðurinn er hlutlaus þriðji aðili og á ekki að taka afstöðu í deilumálum.

Trúnaðarmaðurinn er ekki einn þar sem hann hefur aðgang að öflugum tengslaneti trúnaðarmanna á netinu. Jafnframt hefur trúnaðarmaðurinn aðgang að starfsmönnum stéttarfélagsins á opnunartíma. Ef trúnaðarmaður þarf að beita sér í málum fyrir hönd sinna samstarfsmanna þarf hann ekki að hafa áhyggjur af starfi sínu því hann nýtur verndar gegn uppsögn þar sem óheimilt er að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna skv. 11. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Trúnaðarmaðurinn á ekki á nokkurn hátt að gjalda þess að gegna trúnaðarmannastörfum fyrir hönd stéttarfélagsins. Þá er gott að hafa í huga að í kjarasamningi segir að starfsmönnum sé heimilt að kjósa trúnaðarmann á hverjum vinnustað með fimm eða fleiri starfsmenn. Ef starfsmenn eru fleiri en 50 er heimilt að kjósa tvo trúnaðarmenn. ^{VR}



Nánari upplýsingar eru á [vr.is /trunadarmenn](http://vr.is/trunadarmenn)



TRÚNAÐARMAÐURINN **BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON**

Aldur: 50 ára

Vinnustaður: Ísleifur Jónsson ehf.

Hvað hefurðu unnið lengi hjá þínu fyrirtæki?

Ég hef unnið hér í þrjú og hálf t. ár.

Hversu lengi hefurðu verið trúnaðarmaður?

Ég hef verið trúnaðarmaður í nærri þrjú ár.


Hvernig fræðslu hefurðu sótt þér sem trúnaðarmaður?

Ég hef farið á flest öll þau námskeið og fyrirlestra sem í boði eru hjá félaginu ásamt því að kynna mér efni á netinu og með því að fylgjast með þjóðfélagssumræðunni um tengd málefni.

Finnst þér þú hafa lært eitthvað af því að vera trúnaðarmaður?

Já heilmikið um kjaramál, réttindi og skyldur, svo hef ég verið í trúnaðarráði og tekið virkan þátt þar með því að fara á ASÍ þing og þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna. Á þessum þingum hef ég hitt fullt af fólki með mikla reynslu sem ég hef tileinkað mér til að móta mínar skoðanir sem efla mig í starfi trúnaðarmanns og í störfum mínum fyrir trúnaðarráð.

Hvernig hefur Covid-19 veiran haft áhrif á starf þitt?

Mannleg samskipti hafa breyst mikið þau eru orðin fjarræn og næstum kuldaleg, menn kannski eðlilega hræddir um sig og sína en vilja fara varlega meðan þetta ástand gengur yfir. 

TRÚNAÐARMANNA- NÁMSKEIÐ

Skráning á námskeið fyrir trúnaðarmenn fer fram í atburðadagatali VR á vr.is. Athugið að námskeiðin eru aðeins ætluð trúnaðarmönnum VR.

KJARAMÁLANÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

7. október kl. 8:30-12:00

Leiðbeinandi: Kjaramálasvið VR

Athugið að námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR. VR leggur áherslu á að trúnaðarmenn fái allar helstu upplýsingar er snúa að kjaramálum félagsmanna. Þetta námskeið er hluti af þeirri stefnu en hér verður farið yfir helstu atriði kjarasamninga svo sem veikindarétt, uppsagnir, orlof, vinnutíma og áunnin réttindi. Hér gefst trúnaðarmönnum tækifæri til þess að ræða saman, deila reynslu sinni og fá svör við spurningum sínum. Sérlega gagnlegt námskeið sem enginn trúnaðarmaður ætti að láta fram hjá sér fara.

Námskeiðið verður haldið í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur morgunverður í boði.

SJÓÐIR OG ÞJÓNUSTA

18. nóvember kl. 9:00-12:00

Leiðbeinandi: Selma Kristjánsdóttir og Sandra Ósk Jóhannsdóttir, sérfræðingar á þróunarsviði VR.

Athugið að námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR. Þjónusta VR er víðtæk og varðar alla félagsmenn. Á þessu námskeiði verður farið yfir þjónustuliði eins og VR varasjóð, Sjúkra-sjóð, Orlofssjóð og Starfsmenntasjóð. Auk þess er farið yfir helstu þætti starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK. Fulltrúar frá hverjum þjónustulið heimsækja námskeiðið, veita upplýsingar og svara spurningum. Námskeiðið er kennt með fræðslu, umræðum og hópavinnu í bland. Þátttakendur eru þjálfaðir í að nýta þau verkfæri og þær leiðir sem eru fyrir hendi til þess að sækja upplýsingar um þjónustu VR og lögð er áhersla á virka þátttöku á námskeiðinu.

VR skorar á alla trúnaðarmenn að sækja námskeiðið þar sem þekking á þessum þáttum er mikilvæg.

Námskeiðið verður haldið í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur morgunverður í boði.



HVERNIG Á AÐ KJÓSA TRÚNAÐARMANN?


Starfsmenn á vinnustaðnum kjósa sér trúnaðarmann til tveggja ára í senn. Kosning fer fram í samráði við VR en trúnaðarmaðurinn fær staðfestingu á kjöri og umboð sitt frá félaginu.

Kjósa má trúnaðarmann á vinnustað þar sem starfa fimm félagsmenn eða fleiri. Ef starfsmenn eru fleiri en 50 má kjósa tvo trúnaðarmenn. Kjörtímabil hvers trúnaðarmanns er 2 ár.

KOSNINGAR TRÚNAÐARMANNA

Í samningum og lögum eru ekki fyrirmæli um kosningu trúnaðarmanns, en það er þó talið æskilegt að fram fari skrifleg, leynileg kosning á áður auglýstum tíma þannig að allir sem eiga rétt á að kjósa geti kosið. Æskilegt er að starfsmaður og/eða fulltrúi stéttarfélagsins hafi umsjón með kosningunni. Þegar kosningu er lokið er val trúnaðarmanns lagt fyrir stjórn félagsins sem staðfestir kjör hans. Fyrirtækinu og trúnaðarmanninum sjálfum er sent bréf þessu til staðfestingar.

Ef aðeins er stungið upp á einum starfsmanni til að gegna starfi trúnaðarmanns er hann sjálfkjörinn. Ef um fleiri er að ræða skal fara fram kosning milli aðila.

Ef þú vilt koma á kosningu trúnaðarmanna á þínum vinnustað hafðu samband við þjónustuver VR í síma 510 1700 eða sendu tölvupóst á trunadarmenn@vr.is. Nánari upplýsingar veita tengiliðir trúnaðarmanna: Anna Lilja Björnsdóttir og Elva Hrönn Hjartardóttir. 


VEL HEPPNAÐ SAMSTARF VR OG NEYTENDASAMTAKANNA GEGN ÓLÖGLEGUM SMÁLÁNUM

VR og Neytendasamtökin (NS) tóku höndum saman árið 2019 í baráttunni gegn ógn smálánastarfseminnar hér á landi og hefur það samstarf borið ríkulegan ávöxt sem óhætt er að fagna og sem við viljum segja frá.

Frá því að lög um neytendalán tóku gildi árið 2013 hafa fjölmargir aðilar, stofnanir og dómstólar unnið án sjáanlegs árangurs gegn ólöglegum smálánum. Smálánafyrirtækin smugu jafnharðan út úr hverjum þeim fjötrum sem reynt var að setja á ólöglega starfsemi þeirra. Við stóðum því frammi fyrir því í okkar samstarfi að erfitt var að festa hönd á hinu danska fyrirtæki eCommerce2020 sem hélt úti smálánastarfsemi hér á landi og var því ákveðið að í samstarfi VR og NS yrði áherslan sett á að beita þrýstingi þá aðila hér á landi sem gerðu smálánastarfsemina mögulega auk þess sem við þrýstum á stjórnvöld með að lagfæra og þrengja löggjöfina enn frekar. En fyrsta verk okkar var þó að hvetja alla lántakendur smálána til þess að hætta strax að greiða af smálánaskuldum nema þeir fengju sundurliðun á sínum kröfum í samræmi við innheimtulög sem voru þverbrotin án þess að rönd fengist við reist.

Það var nokkuð ljóst að tekjur af þessari ólöglegu, en ekki síst ósiðlegu starfsemi, urðu helst til við innheimtuna. Við höfum því vinnu okkar á að beita þrýstingi fyrirtækið Almenna innheimtu ehf. og samstarfsaðila þeirra Sparisjóð Strandamanna en sparisjóðurinn var lykilaðili sem hélt starfseminni gangandi. Þá næst þrýstum við á fyrirtækið Creditinfo að hætta að nota vanskilaskrá sem eins konar svipu fyrir Almenna innheimtu ehf. og sýndum þeim fram á að þeir væru að styðja við ólöglega starfsemi.

Einnig var þrýst á viðskiptabankana að hætta að leyfa sjálfvirkar milli-færslur út af bankareikningum lántakenda án þess að þeir hefðu gefið nokkra heimild til þess. Eru dæmi um að fólk með afar lítið á milli handanna hafi horft upp á reikning sinn tæmdan vegna kröfu sem enginn fótur var fyrir. Er með hreinum ólíkindum hve margir voru til-




Við munum áfram fylgja fast á eftir í þessum málaflokki, við munum hafa auga með öllum aðilum sem að slíkri starfsemi koma og munum áfram vinna að úrbótum varðandi innheimtu-kostnað, notkun á vanskilaskrá og heimildum til sjálfvirkar skuldfærslu af reikningum.

búnir að taka þátt í þessum ljóta leik og sáu ekki að sér fyrr en lög-menn okkar beittu þá þrýstingi. Og lögmenn okkar fengu nóg af verkefnum því farið var í lögbanasmál á Almenna innheimtu ehf. þar sem um var að ræða ólögsmæta innheimtu, en einnig voru sendar kærur fyrir hönd lántakenda til úrskurðarnefndar Lögmannafélagsins vegna ólögsmætra innheimtuhátta.

Og hver hefur árangurinn orðið? Í sannleika sagt fór árangur samstarfs VR og NS í þessu máli langt framúr okkar björtustu vonum. Í fyrsta lagi virðist fyrirtækið eCommerce2020 hafa hætt starfsemi á Íslandi. Enn verður fólk fyrir því að teknar eru háar upphæðir út af reikning-um þeirra, en viðskiptabankarnir hér á landi breyttu verklagi varðandi sjálfvirkar færslur og aðstoða nú viðskiptavini sína við að endur-heimta féð. Þó Creditinfo gefi ekkert upp virðist fyrirtækið hafa sagt upp viðskiptum sínum við Almenna innheimtu ehf. svo það getur ekki lengur skráð fólk á vanskilaskrá. Úrskurðarnefnd lögmanna komst að þeirri niðurstöðu að innheimtuhættir Almennrar innheimtu ehf. hafi brotið í bága við innheimtulög. Þá sagði Sparisjóður Strandamanna upp viðskiptum sínum við Almenna innheimtu ehf. og síðast en ekki sist hafa stjórnvöld breytt lögum um neytendalán þannig að hámarks-vextir voru lækkaðir úr 50% niður í 35% auk annarra breytinga þar sem hagur neytenda var hafður í huga. Þeir aðilar sem nú stunda smálán virðast fara að settum reglum og Almenn innheimta ehf. innheimtir ekki þeirra smálán.

Þetta er stórkostlegur árangur sem vert er að segja frá. VR og NS eru stolt af því sem áunnist hefur en við erum ekki hætt! Við munum áfram fylgja fast á eftir í þessum málaflokki, við munum hafa auga með öllum aðilum sem að slíkri starfsemi koma og áfram vinna að úrbótum varðandi innheimtukostnað, notkun á vanskilaskrá og heim-ildum til sjálfvirkar skuldfærslu af reikningum.

Það er svo ánægjulegt að upplýsa að þegar líða tók á vinnuna í þessu samstarfi VR og NS komu fleiri sem lögðu baráttunni lið m.a. Efling stéttarfélag og Alþýðusamband Íslands. Okkur finnst svo í framhald-inu að full ástæða sé til að hvetja til nánara samstarfs grasrótahræf-inga og stéttarfélaga þar sem hagsmunaaðilar sameina krafta sína í baráttunni gegn öllu óréttlæti og því sem vart er hægt að kalla annað en ofbeldi gegn þeim sem oft geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Við stöndum vaktina og baráttan heldur áfram! 

Höfundar eru Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR og Breki Karlsson formaður Neytendasamtakanna



Hvað langar þig að læra?

Á tímum sem þessum er mikilvægt að hlúa að sjálfum sér.

Sjálfstyrkingarnámskeið er eitt af því sem fellur undir starfstengda styrki.

Við styrkjum einstaklinga um **allt að 90%** vegna námskeiða eða fræðslu. **Lika á netinu!**

Nú er tækifærið!

Einnig er hægt að sækja um styrk fyrir áskrift að vefsíðu/efnisveitu með starfstengdum námskeiðum. Hámark 1 árs aðgangur í einu.



Kynntu þér málið á www.starfsmennt.is



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS



ÞÚ ÁTT RÉTT Á LAUNAVIÐTALI

Um árabil hefur launaviðtal verið kjarasamningsbundinn réttur félagsmanna VR en árið 2000 voru ákvæði um persónubundin laun og launaviðtöl tekin upp. Persónubundin laun eiga að endurspeglar menntun og hæfni og samræmast þeirri ábyrgð sem fylgir starfinu.

Mikilvægt er að undirbúa sig vel fyrir launaviðtalið og hér á eftir koma nokkur góð ráð sem hjálpa þér að ná markmiðum þínum.

SJÁLFSSKOÐUN

Það er undir þér komið að sýna að þú verðskuldir það sem þú vilt semja um. Skoðuðu stöðu þína og reyndu að meta styrkleika þína og veikleika og jafnframt hvaða tækifæri þú hefur.

- Hvert er þitt framlag?
- Hvernig stendurðu þig í vinnunni?
- Hvar og hvernig nýtist þín reynsla og kunnátta best?
- Hvernig geturðu styrkt þig sem starfsmann?
- Þarftu á endurmenntun að halda?

Skráðu hjá þér viðfangsefni þín og vinnuframlag til lengri tíma litið. Skoðuðu stöðu samningsaðila þíns og vinnuumhverfið.

SÍMENNTUN

Í dag er símenntun starfsmanna nauðsynleg til að viðhalda þekkingu og halda markaðsvirði sínu á vinnumarkaði. Það er allt sem mælir með aukinni menntun fólks á vinnumarkaði. Fólk nær betri tökum á starfinu, það veitir betri þjónustu, verður ánægðara í starfi og öðlast meira sjálfstraust. Gættu þess að skrá hjá þér öll þau námskeið sem þú sækir því þetta hefur jákvæð áhrif á þjónustu eða framleiðni fyrirtækisins sem gerir samningsstöðu þína í viðtalinu sterkari.

„GÆS“

Hugsaðu um „GÆS“; ég Get, ég Ætla, ég Skal. Hafðu trú á sjálfum þér, því annars hefur atvinnurekandinn það ekki. Þú þarft að sannfæra hann um að þú sért verðug/ur og ef þér finnst þig skorta sjálfstraust, þá er mikið framboð af sjálfstyrkingarnámskeiðum í boði, m.a. hjá VR og fræðsluaðilum.

MARKAÐSVIRÐI ÞITT

Aflaðu þér upplýsinga um markaðsvirði þitt, hver laun sambærilegra hópa eru og síðast en ekki síst, hvernig kaupin gerast á eyrinni. Notaðu launakönnunina og vinnudagbók þína.

MARKMIÐASETNING

Settu þér raunhæf markmið, því þú missir trúverðugleikann ef þú biður um óeðlilega launafjárhæð, hvort sem hún er allt of lág eða há. Veltu fyrir þér hvaða niðurstöðu þú myndir sætta þig við. Ertu að leita eftir launahækkun eða stöðuhækkun? Hvar sérðu sjálfa/n þig eftir fimm ár? Með því að hafa skýr markmið nærðu lengra.

SAMNINGATÆKNI

Tileinkaðu þér samningatækni og æfðu þig í henni. Reyndu að halda samningaviðræðunum á faglegum grundvelli og ekki verða of tilfinningasöm/-samur. Til að ná sem bestum árangri geturðu þurft að sýna sveigjanleika, sem getur verið báðum til góða. Bestu samningarnir eru þegar báðir aðilarnir „græða“.

TÍMASETNING

Mikilvægt er að huga að því hvenær best sé að tala við stjórnendur um launaviðtalið. T.d. getur verið slæmt að ræða launahækkun ef nýlegir ársreikningar hafa komið illa út, þá borgar sig að biða aðeins. Pantaðu tíma hjá yfirmanni með nokkurra daga fyrirvara svo stjórnandinn geti einnig undirbúið sig.


ÆFÐU ÞIG

Árangur í launaviðtali byggist á góðum undirbúningi en ekki síður þjálfun. Fáðu einhvern sem þú treystir vel til að fara með þér í hlutverkaleik og æfðu þig, hvað þú ætlar að segja og hvernig þú vilt koma því frá þér.

ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN

Að fá neitun getur verið lærdómsríkt. Ekki hræðast höfnun því nei getur verið leið að jái. Að viðtalinu loknu skaltu skrá hjá þér hvað fór vel og hvað hefði betur mátt fara. Byrjaðu að undirbúa þig fyrir næsta viðtal með því að bæta frammistöðu þína og halda vinnudagbók.

AÐ TAKAST Á VIÐ KVÍÐA

Það er eðlilegt að finna fyrir streitueinkennum þegar maður fer í launaviðtal og sérstaklega ef það er í fyrsta sinn. Eftir því sem þú ert betur undirbúin/n, því rólegri og yfirvegaðri verður þú. Gott er að anda djúpt áður en maður fer í viðtalið og hugsa að stjórnandinn sé líka mannlegur og líklega pínulítið stressaður líka. 

Mundu að launaviðtalið þarf ekki eingöngu að snúast um launin þín því það er einnig hægt að semja um annars konar atriði:

- ✓ Afslátt af vörum fyrirtækisins eða annarra fyrirtækja
- ✓ Aukið fæðingarorlof
- ✓ Aukið orlof á launum
- ✓ Árgjald í fagfélag
- ✓ Áskrift að tímaritum
- ✓ Barnagæslu
- ✓ Bensínstyrk
- ✓ Bifreiðastyrk
- ✓ Fatastyrk
- ✓ Ferðastyrk
- ✓ Fjölbreytni í starfi





MUNDU EFTIR FÉLAGSGJALDINU!

Það er að mörgu að huga þegar fólk missir vinnuna og fyrir félagsmenn VR getur skipt sköpum að halda áfram að greiða til félagsins. Með því varðveitast áunnin réttindi í t.d. VR varasjóði, starfsmenntasjóðum og Sjúkrasjóði VR. Í umsóknarferlinu um atvinnuleysisbætur þarf því að gæta þess að velja VR í sérstöku boxi sem þarf að merkja við svo félagsgjaldinu sé skilað til stéttarfélagsins af atvinnuleysisbótum.

Athugið að þegar félagsgjöld hafa ekki borist vegna síðustu sex mánaða falla öll réttindi í starfsmenntasjóði niður. Réttindi í sjúkrasjóði tapast einnig ef félagsgjöld halda ekki áfram að berast af atvinnuleysisbótum.

Ef félagsmaður fær nú þegar greiddar atvinnuleysisbætur og er óviss um hvort verið sé að greiða félagsgjöld til VR af þeim þá er einfalt mál að skrá sig inn á **Mínar síður hjá Vinnumálastofnun**, velja Persónuupplýsingar og Bankaupplýsingar, lífeyrissjóður og stéttarfélag og sjá þannig hvort verið sé að greiða til VR. Ef gleymst hefur að merkja við VR í boxinu þar sem stéttarfélag er valið þá getur félagsmaður breytt skráningunni sjálfur þarna undir.

Atvinnuleitendur sem voru þegar félagsmenn VR við atvinnumissi geta áfram greitt til félagsins af atvinnuleysisbótum og viðhaldið þannig réttindum sínum í sjóðum VR. Hafi atvinnuleitendur ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótageiðslna skulu þeir hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta til að eiga rétt á því að greiða til félagsins og skapa sér þannig réttindi á ný. [VR](#)

Nánari upplýsingar má finna undir „Lög og reglugerðir“ á [vr.is](#).
Einnig er hægt að hafa samband við þjónustuver VR í síma 510-1700.

HVERNIG VIRKAR STARFSMENNTASJÓÐUR VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS?

EINSTAKLINGSSTYRKIR



STARFSMENNTASTYRKUR

90% af skráningargjaldi – hámark 130.000 kr. á ári.

- Starfstengd námskeið.
- Starfstengd netnámskeið.
- Almennt nám til eininga.
- Nám/námskeið sem veita aukin starfsréttindi.
- Tungumálanámskeið.
- Sjálfstyrkingarnámskeið innanlands (sem er ekki hluti af meðferðarúrræði).
- Ráðstefnur sem tengjast starfi umsækjanda.
- Stjórnendapjálfun/starfstengd markpjálfun.

FYRIRTÆKJASTYRKIR



STYRKIR VEGNA NÁMSKEIÐAHALDS

Fyrirtæki með starfsmenn sem eru félagsmenn VR/LÍV geta sótt um styrk vegna náms og fræðslu starfsmanna.



LÆKKAD IÐGJALD

Fyrirtæki með starfsmenn innan VR/LÍV geta sótt um lækun á greiddu iðgjaldi til sjóðsins úr 0,3% í 0,1%.



FERÐASTYRKUR

50% af fargjaldi – hámark 40.000 kr. á ári.

Dregst frá hámarksstyrk.

- Þegar félagsmaður þarf að ferðast meira en 50 km til þess að komast frá heimili til fræðslustofnunar getur hann sótt um ferðastyrk.



FRÆDSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Fræðslustjóri að láni er árangursmiðað verkfæri sem miðar að því að samhæfa og nýta lausnir sem þegar eru til. Verkefnið byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun.



TÓMSTUNDASTYRKUR

50% af námskeiðsgjaldi – hámark 30.000 kr. á ári.

Dregst frá hámarksstyrk. Hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

- Námskeið sem hafa skilgreint upphaf, endi og leiðbeinanda.
- Aðeins er hægt að sækja um styrk vegna tómstundanámskeiða sem haldin eru innanlands.



SAMEIGINLEGUR STYRKUR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA

Félagsmanni og fyrirtæki gefst kostur á að sækja um sameiginlegan styrk til sjóðsins ef nám félagsmanns kostar 200.000 kr. eða meira. Þá er réttur einstaklings og réttur fyrirtækis nýttur á móti hvor öðrum. Umsókn er afgreidd eftir reglum sjóðsins um starfstengda styrki.



HVAR SÆKI ÉG UM STYRK Í STARFSMENNTASJÓÐ?

EINSTAKLINGAR

Í gegnum [Mínar síður](#) á [vr.is](#) eða hjá þínu stéttarfélagi ef þú ert í félagi innan LÍV.

FYRIRTÆKI

Í gegnum [attin.is](#) sem er sameiginleg umsóknargátt nokkurra starfsmenntasjóða.

Nánari upplýsingar er að finna á [starfsmennt.is](#)

SPRENGJA Í AFGREIÐSLU STARFSMENNTA- STYRKJA

45% aukning í sameiginlegum umsóknum einstaklinga og fyrirtækja

Frá árinu 2018 hafa starfsmenntasjóðir VR (SVS og SV) boðið upp á þann möguleika fyrir félagsmenn VR og fyrirtæki sem þeir starfa hjá að sækja saman um í starfsmenntasjóði félagsmanna VR með einni umsókn og nýta þannig rétt beggja aðila í sjóðina á móti reikningi. Með þessu móti hámarkast möguleg styrkveiting til annars vegar félagsmanns og hins vegar fyrirtækis. Skilyrði fyrir slíkri umsókn er að nám/námskeið kosti kr. 200 þúsund eða meira. Undanþága er gerð á umsóknum vegna Diplómanáms í viðskiptafræði og verslunarstjórnun.

Umsóknarferlið er ekki flókið í sjálfu sér. Greiddur reikningur fylgir með umsókn, félagsmaðurinn sækir um fyrir hönd beggja aðila í gegnum Mínar síður á www.vr.is og hakar þar við sameiginlegan styrk. Það sem huga þarf sérstaklega að, er að skrifleg yfirlýsing fyrirtækis fylgi með umsókninni. Með yfirlýsinguinni staðfestir fyrirtækið að um sameiginlega umsókn sé að ræða. Forskrift að yfirlýsingu má finna á vefsíðu SVS www.starfsmennt.is og býðst fyrirtækjum að styðjast við hana. Önnur gögn eru líkt og áður greiddur reikningur og ef ekki sést að reikningur sé greiddur þá skal senda staðfestingu á greiðslu með umsókn. Í sameiginlegri umsókn skiptir ekki máli hvort reikningurinn sé á nafni fyrirtækis eða félagsmanns en það skiptir máli í öðrum umsóknum til sjóðanna. Sömu viðmið gilda varðandi almenna afgreiðslu umsóknarinnar og gilda almennt við afgreiðslu á öðrum starfstengdum styrkjum frá sjóðunum.

Styrkur sjóðanna getur ekki orðið hærri en 90% af greiddum reikningi. Við afgreiðslu sameiginlegrar umsóknar er fyrst horft til þess hvort félagsmaður eigi rétt á uppsöfnun og ef svo er þá er hún nýtt fyrst, áður en tekið er af rétti fyrirtækis. Möguleg hámarks upphæð með uppsöfnun og rétti fyrirtækis er í dag kr. 520.000, en þó aldrei hærri en 90% af reikningi. Ef félagsmaður á ekki rétt á uppsöfnun skiptist styrkurinn 50/50 milli beggja, miðað við réttindi og getur orðið að hámarki kr. 260.000 en þó aldrei hærri en 90% af reikningi.

Gífurleg aukning hefur orðið í fjölda umsókna um sameiginlegan styrk til sjóðanna eða 45% milli ára þegar þetta er skrifað. Í kjölfar slíkrar fjölgunar á umsóknum var haft samband við nokkra félagsmenn sem hafa nýtt sameiginlega styrkinn og þeir beðnir um að segja frá sinni reynslu og verða viðtöl við þá í næstu VR blöðum. »



LOFTMYNDIR EHF.

STARFSMAÐURINN

Ómar Pálsson

Forritari hjá Lofmyndum ehf.

Í hvers konar nám nýttir þú styrkinn?

Tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík.

Hvernig fréttir þú af sameiginlega styrknum frá starfsmenntasjóði?

Þegar ég var að sækja um styrkinn sá ég valmöguleikann og fór þá að leita eftir upplýsingum.

Hverjir eru helstu kostir að þínu mati við sameiginlegan styrk einstaklings og fyrirtækis?

Þetta er einfalt og hækkar niðurgreiðslu á ári um töluvert.

Hvernig þykir þér fyrirkomulagið á afgreiðslu styrksins?

Mér finnst undarlegt að þurfa að leggja fyrst inná reikning fyrirtækis og svo á að ganga frá þeirra á milli. Þægilegra væri að leggja inn á þann sem greiddi reikninginn eða hafa þann valmöguleika.


Hvernig telur þú best að koma skilaboðum áleiðis um þennan möguleika sjóðsins til félagsmanna?

Hafa þetta áberandi á umsóknarsvæðinu sjálfu á Mínum síðum og svo mun þetta spyrjast út hratt. Einnig þyrfti að láta vinnuveitendur vita af þessu með t.d. tölvupósti.

FYRIRTÆKIÐ

Karl Arnar Arnarson

Framkvæmdastjóri hjá Lofmyndum ehf.

„Við hjá Loftmyndum fréttum af þessum möguleika frá þeim starfsmanni sem nýtti sér styrkinn. Að mínu mati er þetta afar jákvætt því þetta opnar á möguleika á menntun án þess tekjumissis sem oft fylgir slíku átaki. Umsóknarferlið gæti ekki verið einfaldara og afgreiðslan VR megin gekk hratt og snuðrulaust fyrir sig. Í okkar tilfalli var tekin sú ákvörðun að sá hluti styrksins sem gekk til fyrirtækisins var greiddur áfram til viðkomandi starfsmanns og stóð þar með undir stærstum hluta útlagðs kostnaðar hans við námið.“ 



TÆKIFÆRI Í ÞRÓUN STAFRÆNNAR HÆFNI

Viðhorf félagsmanna VR og stjórnenda í fyrirtækjum til fjórðu iðnbyltingarinnar

Framtíðarnefnd VR stóð nýlega fyrir tveimur könnunum um viðhorf til breytinga á störfum vegna fjórðu iðnbyltingarinnar. Önnur könnunin var send félagsmönnum VR og hin á stjórnendur. Það er sammerkt með svörum beggja hópa að þeir eru mjög meðvitaðir um að breytingar verði á næstu 3-5 árum vegna tæknibreytinga og stafrænnar þróunar. Kannanirnar voru gerðar í júní – ágúst og sá MMR um framkvæmdina og úrvinnslu niðurstaðna. Svörun meðal félagsmanna var 29% eða 1.869 svör. Mun færri svöruðu könnuninni meðal stjórnenda eða 325 og er mikilvægt að hafa það í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar.

Það er stefna VR að félagsmönnum sé tryggt öruggt atvinnuumhverfi í framtíðinni og hefur það verið töluvert til umræðu í Framtíðarnefnd félagsins. Nefndin hefur það meðal annars að markmiði að fylgjast vel með breytingum á vinnumarkaði til þess að VR geti sinnt hlutverki sínu sem er fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna.

Mikill meirihluti svarenda könnunarinnar meðal stjórnenda telur að breytingarnar verði miklar á næstu fimm árum, en rétt innan við helmingur félagsmanna telur að breytingar verði miklar á næstu þremur árum. Niðurstöður könnunarinnar meðal stjórnenda benda til þess að þeir líti yfirvofandi breytingar jákvæðum augum, 58% telja ekki að

fjórða iðnbyltingin muni gera fyrirtækjum erfitt fyrir að fylgja eftir tæknibreytingum og 74% eru sammála því að hún feli í sér mikil tækifæri.

Meirihluti félagsmanna eða 63% virðist ekki hafa miklar áhyggjur af áhrifum tæknibreytinga á störf sín en svipað hlutfall telur engu að síður mikilvægt að bæta við sig þekkingu í ljósi stafrænnar þróunar á vinnumarkaði. 47% hafa þegar bætt við sig þekkingu sem bendir til þess að félagsmenn VR séu margir hverjir farnir að bæta við sig þeirri þekkingu sem þeir sjá fyrir sér að störf þeirra kalli á á næstu árum. Það er samhljómur í svörum félagsmanna og stjórnenda þegar kemur að þörf á nýrri þekkingu og mikilvægi þess að auka hana. 77% svarenda í hópi stjórnenda segja að þörf sé á nýrri þekkingu og svipað hlutfall að áhersla verði lögð á að þjálfar starfsmenn til þess að mæta þessari þörf.

Mikill meirihluti svarenda könnunarinnar meðal stjórnenda telur að breytingarnar verði miklar á næstu fimm árum, en rétt innan við helmingur félagsmanna telur að breytingar verði miklar á næstu þremur árum.

Það er stefna VR að einstaklingar á vinnumarkaði fái aukin tækifæri og hvata til þess að þróa færni sína og læra nýja með sí- og endurmenntun. Svör stjórnenda benda til þess að vilji sé fyrir því að veita starfsfólki slík tækifæri og hvetur VR þá eindregið til þess.

Það er stefna VR að einstaklingar á vinnumarkaði fái aukin tækifæri og hvata til þess að þróa færni sína og læra nýja með sí- og endurmenntun. Svör stjórnenda benda til þess að vilji sé fyrir því að veita starfsfólki slík tækifæri og hvetur VR þá eindregið til þess.

Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var af Hagstofunni og kynnt í skýrslunni *Ísland og fjórða iðnbyltingin* sem unnin var á vegum forsætisráðuneytisins 2019, er talið að á næstu 10-15 árum muni 28% starfa á Íslandi verða fyrir verulegum áhrifum af sjálfvirknivæðingu, en að 14% starfa verði fyrir litlum áhrifum. Fram kemur að störf í iðnaði og sölu- og þjónustustarfsemi séu líklegust til að dragast mest saman. Út frá þessari greiningu má ætla að miklar breytingar séu í vændum á störfum félagsmanna VR.


NÁM ER ÆVILANGT VIÐFANGSEFNI

Meira en helmingur stjórnenda telur að á næstu fimm árum muni starfsmannafjöldi fyrirtækisins vera óbreyttur eða að starfsmönnum muni fjölga samkvæmt könnun VR. Ljóst er að verkefni sem félagsmenn VR sinna munu breytast eins og kemur fram í greiningu Hagstofunnar og könnun VR meðal félagsmanna sýnir að um það bil helmingur félagsmanna hefur þegar bætt við sig þekkingu til að mæta tæknibreytingum og stafrænni þróun á vinnumarkaði. Það gefur til kynna að þessi hópur hafi þegar tamið sér að líta á nám sem viðvarandi verkefni sem tekur ekki endilega enda, heldur sé stundað ævilangt. Í Aðgerðaráætlun um fjórðu iðnbyltinguna benda höfundar einmitt á að slíkt viðhorf gagnvart námi sé „einkenni samfélags þar sem breytingar eru hraðar [og] að námi fólks lýkur aldrei endanlega, heldur er það ævilangt verkefni.“

Þegar félagsmenn voru spurðir hvert þeir myndu leita til að uppfæra þekkingu sína og undirbúa sig fyrir tæknibreytingar og/eða stafræna þróun í starfi svöruðu 51% að þeir myndu leita til vinnuveitanda. Ábyrgð fyrirtækja í þessu samhengi er mikil og ljóst er að sum þeirra þurfa stuðning til þess að uppfylla getu sína til að bjóða viðeigandi fræðslu fyrir starfsfólkið sitt. VR tekur í ljósi þessa þátt í verkefni ásamt Samtökum verslunar og þjónustu og Háskólans í Reykjavík um að setja á fót Stafrænt hæfnisetur. Verkefni setursins verður meðal annars að aðstoða fyrirtækin við að bjóða starfsfólki sínu upp á þá fræðslu sem það hefur þörf fyrir vegna tæknibreytinga og stafrænnar þróunar.

48% félagsmanna segjast myndu sækja netnámskeið eða fyrirlestra á netinu til þess að uppfæra þekkingu sína. Hádegisfyrirlestrar VR eru nú alfarið komnir á rafrænt form og hefur það aukið mjög fjölda þeirra sem nýta sér að hlusta á þá. VR opnaði vefinn www.stafrænhæfni.is í fyrra þar sem einstaklingar geta metið hvar þeir standa í stafrænni hæfni. Nú hefur verið opnað fyrir skráningar á námskeið sem byggja á hæfnipáttunum sem mæld eru í Stafræna hæfnihjólínu og geta félagsmenn VR sótt þau námskeið á netinu sér að kostnaðarlausu

og unnið að því að bæta stafræna hæfni sína. Námskeiðin eru í formi kennslumyndbanda og þróuð af fræðslusetrinu Starfsmennt, sjá nánar á www.smennt.is

Það er VR mikilvægt að upplýsa félagsmenn sína um það hvar þeir standa gagnvart þeim breytingum sem eru í vændum og hvert þeir geti leitað til þess að gera sig að verðmætari og eftirsóttari starfskröfum í þau verkefni sem vinnumarkaður framtíðarinnar kallar á. Á næstu mánuðum verður vefurinn www.vr.is/starfsþróun opnaður með viðtækum upplýsingum um það hvernig félagsmenn VR geta sjálfir unnið í sinni eigin starfsþróun og haldið áfram með hið ævilanga viðfangsefni sem nám er. 

Meirihluti félagsmanna eða 63% virðist ekki hafa miklar áhyggjur af áhrifum tæknibreytinga á störf sín en svipað hlutfall telur engu að síður mikilvægt að bæta við sig þekkingu í ljósi stafrænnar þróunar á vinnumarkaði.



VR Á SUÐURNESJUM

Skrifstofa VR á Suðurnesjum er til húsa að Krossmóa 4a í Reykjanesbæ en í sama húsi eru FIT, Félag iðn- og tæknigreina og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur. Á skrifstofu VR á Suðurnesjum eru þrír starfsmenn; Bryndís Kjartansdóttir starfsmaður á kjaramálasviði, Gísli Lúðvík Kjartansson sem starfar á orlofssvæði VR í Miðhúsaskógi og Salbjörg Björnsdóttir sem starfar í þjónustuveri VR. Bryndís og Salbjörg störfuðu báðar á skrifstofu Verslunarmannafélags Suðurnesja en Bryndís hafði unnið þar í 21 ár og Salbjörg í 11 ár þegar félagið sameinaðist VR á síðasta ári. Það var því mikil gæfa fyrir VR og félagsmenn á svæðinu að fá þessa miklu reynslubolta til liðs við félagið.

Ritstjóri VR blaðsins var á ferð um Suðurnesin og tók fjóra félagsmenn á svæðinu tali og heimsótti Bryndísi á skrifstofu félagsins og spjallaði við hana um sameininguna á síðasta ári og þá erfiðu stöðu sem félagsmenn VR og aðrir íbúar Suðurnesja standa nú frammi fyrir.

Verslunarmannafélag Suðurnesja sameinaðist VR þann 1. apríl 2019 en félagsmenn VS samþykktu sameiningu með 83% atkvæða. Hvernig fannst þér sameining VR og VS ganga?

„Mér fannst þetta ganga rosalega vel þegar sameiningin og allt var komið í ferli. Það höfðu verið þreifingar í gangi á milli félaganna fyrir nokkrum árum en svo varð úr þessu núna á þessum tímamarki. Aðdragandinn var þó frekar erfiður en þegar sameiningin við VR var komin í ferli þá fannst manni félagið vera komið í örugga höfn. Það er það sem mér fannst best við þetta allt.“

Eru félagsmenn ánægðir með sameininguna að þínu mati?

„Já, mér finnst flestir ánægðir og ég heyri frekar ánægjuraddir heldur en hitt. Svo held ég líka að fólk hafi verið mjög ánægt með að skrifstofunni hafi ekki verið lokað og við séum hérna ennþá. Við vorum til dæmis með opið á skrifstofunni þegar það var opnað fyrir úthlutun orlofshúsa fyrr á árinu svo að fólk gæti komið til okkar og fengið aðstoð við að bóka sér hús. Við finnum reyndar að umferðin til okkar á nýja staðinn hérna í Krossmóa er ekki alveg jafn mikil og hún var áður svo að þessi umfjöllun verður vonandi til þess að fólk viti af okkur! Við

Já, mér finnst flestir ánægðir og ég heyri frekar ánægjuraddir heldur en hitt. Svo held ég líka að fólk hafi verið mjög ánægt með að skrifstofunni hafi ekki verið lokað og við séum hérna ennþá.



vorum svo lengi með skrifstofu í sama húsi og Hótel Keflavík og þau á hótelinu hafa sagt okkur að það sé enn að koma fólk þangað að spyrja um okkur. Það kemur auðvitað alveg fólk hingað til okkar, staðan hérna á svæðinu hefur auðvitað verið erfið og mjög mikið í gangi svo að ég er mjög þakklát fyrir það.“

Hvernig upplifð þið á skrifstofunni stöðuna hjá félagsmönnum á svæðinu?

„Andinn er náttúrulega bara ótrúlega þungur í fólki, það verður bara að segjast alveg eins og er. Við erum með risastór fyrirtæki hérna á svæðinu eins og Icelandair og Bláa Lónið þar sem okkar félagsmenn hafa starfað. Það hafa gríðarlega margir þeirra misst vinnuna og samkvæmt skýrslu Vinnuálastofnunar fyrir júlí 2020 kemur fram að almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum hafi verið 15,2%. Þar kemur líka fram að atvinnuleysi meðal kvenna sé mun meira en meðal karla og talað um að ein af hverjum fimm konum á Suðurnesjum sé atvinnulaus. Svo að staðan hérna er auðvitað mjög alvarleg. En við vitum að um leið og hjól atvinnulífsins fara aftur að snúast hérna á svæðinu þá birtir yfir okkur og fólk fær vinnu að nýju. Við vonum að þess verði ekki langt að bíða.“ [VR](#)



SKRIFSTOFA VR Á SUÐURNESJUM

Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbæ.

Opunartími skrifstofu

Mánudaga til fimmtudaga 10:00-16:00

Föstudaga 10:00-15:00.

Starfsmenn á skrifstofu

Bryndís Kjartansdóttir, kjaramál

Gísli Lúðvík Kjartansson, orlofsmál

Salbjörg Björnsdóttir, þjónustuveri.

Netfang: vr@vr.is, sími 510 1700, vr.is

FÉLAGSMENN VR Á SUÐURNESJUM



Nafn: Brynja Sigfúsdóttir

Aldur: 64 ára

Starf: Fjárreiðustjóri hjá Samkaupum, Reykjanesbæ

Ertu ánægð/ur með sameiningu VR og VS?

Ég get ekki sagt að ég sé ánægð. Ég er ekki farin að sjá neinn ávinn-ing ennþá. Hef þó einungis athugað með endurgreiðslu úr sjóðum varðandi líkamsræktaræikninga eða vegna gleraugnakaupa og þar eru breytingar á fyrirkomulagi.

Hefur þú kynnt þér þjónustu VR?

Já, að einhverju leyti en þarf auðvitað að skoða þetta allt saman betur. Var þó búin að reyna að panta orlofshús í vetur en gekk ekki nógu vel – það verður svo mikið álag á kerfinu og erfitt að fylgja því eftir. Það er breyting á fyrirkomulagi frá því sem var þegar farið var eftir punkta-kerfi og því allir með jafnari möguleika.

Hvernig hefur Covid haft áhrif á þitt starf?

Það hefur að sjálfsgöðu haft áhrif hjá okkur eins og annars staðar, okkur var skipt upp í hópa í vor og unnum við til skiptis á skrifstofunni og heima fyrir. Það sama á við um starfsfólk í verslunum fyrirtækisins, þar voru vaktaskipti og varúðarreglum fylgt. Netverslun jókst til muna hjá fyrirtækinu þar sem svo margir héldu sig heima, sem er síðan komin til að vera. Við þurftum svo aftur að grípa til þessara skiptinga núna síðsumars þegar bylgja númer tvö fór af stað. En mestu áhrifin eru að sjálfsgöðu atvinnuleysið á svæðinu sem hefur áhrif á svo mörg heimili, hefur gífurleg áhrif á margar fjölskyldur og útlitið er ekki gott.



Nafn: Guðlaug Sigurðardóttir

Aldur: 54 ára

Starf: Skrifstofustarf hjá SI raflögnum, Garði

Ertu ánægð/ur með sameiningu VR og VS?

Ég er mjög ánægð með sameiningu VR og VS. Öflugra félag með fleiri félagsmönnum sem ætti að skila okkur betri kjörum.

Hefur þú kynnt þér þjónustu VR?

Já, ég hef þegið styrk vegna líkamsræktar, tekið orlofshús á leigu og fengið námsstyrk vegna námskeiðs sem ég fór á.

Hvernig hefur Covid haft áhrif á þitt starf?

Covid hefur haft þau áhrif að mér var sagt upp hjá Icelandair eftir 18 ár í starfi, ég var þar í 50% og á móti var ég að vinna í fjölskyldu-fyrirtækinu okkar en við þurftum að nýta hlutabótaleiðina þar, en þó sem betur fer aðeins í apríl. Ég væri alveg til í að spóla bara yfir 2020 og líta björtum augum til 2021!



Nafn: Kristín Gyða Njálisdóttir

Aldur: 54 ára

Starf: Ráðgjafi hjá Sjóvá, Reykjanesbæ

Ertu ánægð/ur með sameiningu VR og VS?

Já, ég er mjög ánægð. Ég er líka svo glöð að það sé skrifstofa hérna, mér finnst það skipta miklu máli, samfélagið kallar á að maður geti fengið þjónustu í heimabyggð. Svo er auðvitað frábært að starfsfólki VS hafi staðið til boða að starfa hjá VR, það er svo dýrmæt þekking og reynsla í þeim líka.

Hefur þú kynnt þér þjónustu VR?

Já, ég hef sótt um líkamsræktarstyrk og fleira. Mér fannst þetta ganga mjög vel á netinu, svo einfalt og þægilegt. Ég hef borið mig eftir því sem mig hefur vantað og bara gengið mjög vel.

Hvernig hefur Covid haft áhrif á þitt starf?

Covid skellur mjög harkalega á okkur hér á Suðurnesjum. Margir hafa misst vinnuna eða eru þegar orðnir atvinnulausir og lenda í fjárhags-áhyggjum. Flestir þurfa að kaupa tryggingar og það getur verið erfitt að taka ákvörðun um að hafa heimilið ótryggt því að fjárhagurinn leyfir það ekki. Reikningarnir hætta ekkert að koma þó þú missir vinnuna. Ég held að það sé ekki til sá Suðurnesjamaður sem þekkir ekki einhvern sem var að missa vinnuna. Ég vona svo innilega að það sé stutt í að það finnist bóluefni svo atvinnulífið komist aftur í gang og fólk geti snúið til baka í störf sín sem allra fyrst.



Nafn: Þórarinn G. Reynisson

Aldur: 66 ára

Starf: Innheimta hjá Festu lífeyrissjóði, Reykjanesbæ

Ertu ánægð/ur með sameiningu VR og VS?

Já, ég kaus með henni, en var samt aðeins efins fyrst. En í dag er ég mjög sáttur, mér fannst þetta mikið heillaskref.

Hefur þú kynnt þér þjónustu VR?

Já ég hef kynnt mér hana og á örugglega eftir að nýta mér þjónustuna jafn mikið og hjá VS.

Hvernig hefur Covid haft áhrif á þitt starf?

Það er bara allt að þyngjast. Launagreiðendur eru komnir að fótum fram og iðgjaldagreiðslur í takt við það. Atvinnuleysi er náttúrulega að aukast gríðarlega og fólk er í auknum mæli að taka út séreignarsparnað, semja um lán og vanskil. Þetta er bara ömurlegt. Það er bara eitt orð yfir það. Vissulega hefur maður áhyggjur af þessu og í mínu starfi verð ég mjög var við áhrif Covid.



Guðrún Johnsen, Ph.D.
Efnahagsráðgjafi VR



STÆRSTA ÁSKORUN EFNAHAGSSTJÓRNUNAR NÆSTU MISSERI: **AÐ VIÐHALDA EFTIRSPURN**

Þegar óvænt áföll eins og heimsfaraldur ríða yfir verða bæði heildarframboð og heildareftirspurn fyrir neikvæðum áhrifum á sama tíma. Undir þessum kringumstæðum minnkar framleitt magn af vöru og þjónustu en verðið á markaði stendur í stað, hækkar eða lækkar eftir því hversu vel hinu opinbera tekst til að viðhalda heilbrigðri eftirspurn. Í ljósi þess að um nýja veiru er að ræða, þarf fólk í öllum kimum samfélagsins að læra að umgangast hana og forðast smit með breyttri hegðun, sem kallar á breytt neyslumynstur.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa náð tókum á útbreiðslu smita með árangursríkum sóttvörnum og lítið mannfall hefur orðið af völdum veirunnar hér á landi, sem betur fer. Efnahagsstjórnunin hefur ekki verið

að sama skapi árangursrík þar sem stór hluti vinnuafis er nú atvinnulaus¹, ekki síst vegna þess að íslensk stjórnvöld, ein 192 landa, gripu til þess ráðs að hjálpa atvinnurekendum að segja upp starfsfólki um leið og áhætta í atvinnurekstri raungerðist, skv. úttekt IMF.² Þar er kapitalisminn kominn á hvolf; starfsfólkið er látið bera áhættuna af atvinnurekstrinum en ekki atvinnurekendur sjálfir, sem vitanlega sitja áfram með ávöxtun til lengri og skemmri tíma. Stórslys hefur þegar orðið, eins og forseti ASÍ varaði við þegar frumvarp þessa efnis fór fyrir þingið.³ Samkvæmt frumvarpinu var ríkisstjórnin tilbúin til að ráðstafa 27 milljörðum króna í styrkina.⁴ Á lista frá Skattinum⁵ má sjá að 8 milljörðum af skattfé hefur þegar verið varið í að bæta atvinnurekendum (og eftir atvikum væntum kröfuhöfum) upp kostnað og áhættu sem með réttu lá á þeirra bókum. Á fjórða milljarð króna fór til Ícelandair og dótturfélaga. Flestir atvinnurekendur, af mikilli ábyrgð, höfðu þegar

Lítið er um nýjar uppbyggilegar hugmyndir hjá Samtökum atvinnulífsins um hvernig komast megi hjá uppsögnum, hvernig verja megi ríkið gagnvart því að ríkisábyrgð raungerist á brúarlánnum svo eitthvað sé nefnt.

KJARAMÁL

sætt sig við að þessi áhætta raungerðist á þeirra eigin bókom, þar sem búið var að segja 14.200 strax í mars áður en að loforð ríkisstjórnarinnar þess efnis var birt hinn 28. apríl. Sem betur fer dró svo úr uppsögnum í maí og ferðabjónustan naut mikillar eftirspurnar í sumar.

ENN LIGGJA FJÁRMUNIR Á BORDINU FYRIR ATVINNUREKENDUR

Hinir rausnarlegu uppsagnarstýrki gerðu sumum atvinnurekendum kleift að greiða sjálfum sér út arð fyrir rekstrarár 2019, ef útgreiðsla arðs var ákveðin fyrir 15. mars, og skala niður reksturinn í einu vetvangi með hópuppsögnum. Þessir uppsagnarstýrki hafa e.t.v. leitt til þess að atvinnurekendur virðast ekki hafa áhuga á að nýta öll þau úrræði sem stjórnvöld hafa boðið uppá til að breyta viðskiptalíkani sínu og viðhalda atvinnusambandi við starfsfólk sitt, en einungis 3.7 milljörðum hefur verið varið í stuðningslán, en útistandandi eru umsóknir sem nema 6.7 milljörðum. Lítið er um nýjar uppbyggilegar hugmyndir hjá Samtökum atvinnulífsins um hvernig komast megi hjá uppsögnum, hvernig verja megi ríkið gagnvart því að ríkisábyrgð raungerist á brúarlánnum svo eitthvað sé nefnt. Þeir atvinnurekendur sem mest ítök hafa í SA og þáðu hæstu styrkina virðast hreinlega hafa sætt lagi við að sópa upp stórum fjárhæðum úr ríkissjóði, þó lausafjárstöðu þeirra hafi hvergi verið ógnað, svo sem hjá Ícelandair. Slík óábyrg ráðstöfun skattfjár í dag, er vitanlega ávísun á væntar skattahækkanir til framtíðar, sér í lagi ef skattfé er ekki varið með félagslega og fjárhagslega arðbærum hætti. Efast má um að þessi aðgerð hafi skilað nokkru slíku, enda er til staðar kerfi sem ver réttindi launamanna ef gjaldprot fyrirtækja raungerist. Þegar kemur að því að ganga um skattfé af ábyrgð, hefur SA helst beitt sér gegn hækkun atvinnuleysisbóta um 25 þúsund á mánuði, jafnvel þó slík breyting hefði engin áhrif á atvinnustig, en getur munað um í mikilvægasta verkefni efnahagsstjórnunar; að halda uppi heildareftirspurn.

Ekki stendur á gagnlegri greiningu og hugmyndum frá breskum samtökum atvinnurekenda sem söfnuðu saman 200 manns frá 50 fjármálfyrirtækjum til að útbúa tillögur um það hvernig fjármálageirinn getur stutt við fyrirtæki í gegnum þessar tímabundnu þrengingar, sjá ítarlega greiningu CityUK, samtaka fjármálfyrirtækja í Bretlandi, sem gáfu út 148 blaðsíðna úttekt á einmitt þessu; hvernig fjármálageirinn getur aðlagð þjónustu sína með því að styrkja viðskiptasambandið milli fyrirtækja og lánastofnanna og koma í veg fyrir að skellurinn lendi á ríkissjóði þegar allt er um garð gengið.⁵

Þegar þetta er skrifað hafa íslenskir atvinnurekendur þó enn skilið umtalsverða fjármuni eftir á ríkisstjórnarborðinu; fjármuni sem gætu nýst til að endurskipuleggja rekstur, ávaxta eigið fé, og ráða fólk af atvinnuleysissskrá með arðbærum hætti, enda fjármagnskostnaður mun lægri vegna þeirrar ríkisábyrgðar sem fylgir. Ef sökin liggur hjá hinu opinbera; flöskuhálsar hafi myndast við að afgreiða umsóknir eða skilyrðin reynst of þröng, þarf að breyta því.


EFTIRSPURN FER MINNKANDI – ÞRÝSTINGUR Á VERÐ NIÐUR Á VIÐ

Í sumar myndaðist svikalogn í efnahagsstjórnuninni. Á þeim tíma nýttist hlutabótaleiðin vel, margir atvinnuleitendur voru á tekjutryggðum atvinnuleysisbótum og fjármálfyrirtæki buðu uppá greiðslu-hlé lána; allt úrræði sem leiddi til meiri einkaneyslu en mátti búast við. En mestu munaði um það að Íslendingar ferðuðust innanlands í stað þess að leggja för sína til útlanda. Nú er sumarið búið og þó að tekjutengdu atvinnuleysisbæturnar gefi betra svigrúm er þrýstingur á heildareftirspurn niður á við þegar þúsundir launþega missa ráðstöfunartekjur sínar niður í strípaðar atvinnuleysisbætur. Hækkun verðs á vöru og þjónustu verður því skammgóður vermír fyrir atvinnurekendur þegar eftirspurnar nýtur ekki við, eins og vönduð rannsókn hagfræðinga Seðlabankans frá 2011 sýnir.⁷

MEÐ SAMHELDNI KOMUMST VIÐ FYRIR GJÁNA

Ljóst er að vinna þarf til baka það tjón sem varð með uppsögnum starfsfólks vegna faraldursins. Hið opinbera hefur tækifæri til að ráða til sín hæft starfsfólk úr mörgum starfsgreinum til að efla þjónustu sína við borgarana og létta birgðum af starfsfólki á mörgum sviðum opinbers rekstrar, sem hefur búið við of knappar fjárheimildir til að sinna lögbodnum skyldum sínum.

Þeir launamenn sem hafa borð fyrir báru þurfa að vera duglegir að lyfta upp vinum og vandamönnum sem misst hafa vinnuna af völdum aðstæðna sem þeir sjálfir höfðu ekkert um að segja; bjóða út að ganga eða heim í góðan mat og njóta þjónustu íslenskra atvinnurekenda, til að viðhalda eftirspurn í hagkerfinu okkar.

VR býður öllum félagsmönnum aðstoð í atvinnuleitinni. Félagið býður uppá ráðgjöf og námskeið um hvernig er hægt að mæta þeim áskorunum sem fylgja því að vera án atvinnu, uppfæra ferilsskrá og margt fleira. 

¹Nýjstu tölur Vinnuálastofnunar frá því í júlí sýndu að heildaratvinnuleysi stæði í 8,8%. <https://vinnuálastofnun.is/frettir/2020/08/heildaratvinnuleysi-var-88percent-i-juli>

²IMF, 2020, Policy Responses to Covid-19, <https://www.imf.org/en/Topics/imf-and-covid-19/Policy-Responses-to-COVID-19>

³Visir, 29. Maí, 2020, „Segir ríkið hvetja til uppsagna fremur en hlutabóta“, https://www.ruv.is/frett/2020/05/29/segir-rikid-hvetja-til-uppsagna-fremur-en-hlutabota?fbclid=IwAR0GfkyGix-ByYxqZdnBnwbNinLwpP_icvhYskvWP9WoBin83rnp-7bBhQ

⁴Frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, <https://www.althingi.is/altext/150/s/1424.html>

⁵Skatturinn, 2020, „Stuðningur úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti“, <https://www.rsk.is/einstaklingar/covid/laun-a-uppsagnarfresti/#tab7>

⁶TheCityUK, 2020, Supporting UK Economic Recovery: Recapitalising Businesses Post Covid-19, <https://www.thecityuk.com/assets/2020/Reports/2d5179dbfb/Supporting-UK-economic-recovery-recapitalising-businesses-post-Covid-19-v2.pdf>

⁷Þorvarður Tjörvi Ólafsson, Ásgerður Pétursdóttir og Karen A. Vignisdóttir, „Price Setting in Turbulent Times“, Working Paper No. 54, Central Bank of Iceland

VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI VR

Í ljósi aukins atvinnuleysis hefur VR ákveðið að fara af stað með sérstakt átaksverkefni sem hefur það að leiðarljósi að auka þjónustu við félagsmenn sína sem eru án atvinnu og í atvinnuleit. Markmið VR með verkefninu er að bjóða upp á sértæka þjónustu fyrir þennan hóp, fjölbreytta fyrirlestra og námskeið sniðin að þörfum þeirra sem eru í atvinnuleit auk atvinnuráðgjafar sem hægt verður að nálgast beint hjá VR. Nathalía Druzín Halldórsdóttir var ráðin í verkefnið og hefur síðustu vikur verið að móta og byggja upp þjónustuna. Að auki verður ráðinn annar ráðgjafi og mun VR bjóða upp á markvissa ráðgjöf og stuðning. Nathalía á fjölbreytta starfsreynslu að baki, hún starfaði síðustu fimm ár sem markaðs- og kynningarstjóri Íslensku óperunnar, hefur stýrt tónlistarhátíðum, unnið að dagskrágerð fyrir Ríkisútvarpið, rekið sitt eigið ráðningarfyrirtæki auk þess að vinna sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi í ráðningum og ráðgjöf.

PETTA ER TÍMABUNDIÐ ÁSTAND

„Verkefnið núna í haust verður að kynnast þessum hópi félagsmanna sem er í atvinnuleit, taka stöðuna og sjá hvernig hópurinn er samsettur. Við erum í þessum töluðu orðum að vinna í því að setja inn upplýsingar um þjónustuna á vefsíðu VR þar sem félagsmenn geta þá skoðað það sem við munum bjóða upp á og nýtt sér það sem gagnast hverjum og einum. Við þurfum að spyrja okkur hver þörfin sé hjá félagsmönnum okkar, hvernig þjónustan eigi að vera svo hún nýtist þeim sem best. Í haust einbeitum við okkur að ráðgjöf ásamt því að veita stuðning og hvatningu. Eftir áramót verðum við komin með betri mynd af stöðunni á vinnumarkaðnum og hvað við viljum bjóða félagsmönnum í námskeiðum og öðru. Þetta á fyrst og fremst að vera praktískt, ákveðinn vegvísir og leiðbeiningar handa félagsmönnum í atvinnuleit. Við munum bjóða upp á fjölbreytta þjálfun og fræðslu sem nýtist atvinnuleitendum vel í atvinnuleit og eins í atvinnuviðtalinu.

Fólk kvíðir mjög oft atvinnuviðtalinu sjálfu, sérstaklega fólk sem hefur ekki skipt oft um starf eða fólk sem hefur verið án atvinnu í einhvern tíma. Það eru ákveðin atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar maður talar um sjálfa/n sig og hvað maður kann og getur. Fólk á auðvitað misauðvelt með að koma sér á framfæri en það er ótrúlega mikilvægt að maður kunni að tala um sjálfan sig án þess að vera hræddur um að það hljómi sjálfbirgingslega. Maður þarf svolitíð að fjarlægjast sjálfan sig og nálgast staðreyndir málsins og kunna að segja frá þeim

án þess að fara í flækju. Hver er reynsla þín, hvað kanntu og hvað liggur best fyrir þér? Í þessu er mjög gott að vera með dæmisögur úr fyrri störfum á takteinum. Aðalmálið að mínu mati er að reyna að hvíla vel í sér og vera tilbúin/n með nokkrar dæmisögur eða sviðsmyndir. Það þarf ekki að vera stórkostlegasta verkefnið eða stórkostlegasti sigurinn heldur eitthvað sem þú segir skemmtilega frá og gefur þeim sem tekur viðtalið færi á að kynnast þér því það er alltaf gott að hugsa atvinnuviðtalið sem samtal, þú ert að kynnast einhverjum og einhver er að kynnast þér.

Önnur gagnleg þjónusta er að fá aðstoð við að útbúa læsilega og skýra starfsferilskrá en þar er hugmyndin sú að félagsmenn geti sent okkur drög og fengið endurgjöf og ráðleggingar sem er alltaf mjög gagnlegt.

Það er einnig mikilvægt að benda félagsmönnum á þær ótalmörgu námsleiðir sem bjóðast hjá menntastofnunum hérlandis, auk þess sem að framboð í fjarnámi við erlendar menntastofnanir er gríðarlegt. Margir eiga réttindi í starfsmenntasjóði auk þess sem að atvinnulausum verður heimilt að fara í nám án þess að missa atvinnuleysisbætur samkvæmt breytingum á lögum sem nú eru í vinnslu.

Það sem ég legg áherslu á núna er að fólk hugsi um hvernig það ætli að nýta tímann þangað til það fer í annað starf og reyni að hugsa jákvætt til breyttra aðstæðna. Get ég farið í sambærilegt starf? Get ég breytt tímabundið um starfsvettvang? Get ég farið í nám? Það eru ýmsir möguleikar og um að gera að vera opin/n fyrir þeim.“

Öll reynsla nýtist okkur og þegar öllu eru á botninn hvolt þá má ekki gleyma því að maður er manns gaman og við nærumst á því að vera í samneyti við annað fólk og finna að það muni um okkar framlag í lífi og starfi. Við erum lítið land og það munar um hvern og einn á vinnumarkaðnum.

ÞAÐ MUNAR UM HVERN OG EINN

„Í þeirri stöðu sem er uppi á vinnumarkaðnum núna er mikilvægt að hugsa jákvætt. Þú ættir að geta komist í annað starf ef þú notar þau



Í þeirri stöðu sem er uppi á vinnumarkaðnum núna er mikilvægt að hugsa jákvætt. Þú ættir að geta komist í annað starf ef þú notar þau verkfæri sem standa til boða

verkfæri sem standa til boða. Fyrstu mánuðirnir eftir starfslok á vinnustað eru mjög mikilvægir og má segja að þá sé brýnt að halda sér virkum, fylgjast með markaðnum, láta vita af sér og fara ekki í felur. Kannski ferðu ekki í alveg eins starf og þú varst í áður eða í starf þar sem menntun þín og reynsla hentar beint. Það er mikilvægt að hugsa um það að þetta er tímabundið ástand og það er svo mikilvægt að fólk horfi á aðra möguleika með jákvæðu hugarfari. Öll reynsla nýtist okkur og þegar öllu eru á botninn hvolt þá má ekki gleyma því að maður er manns gaman og við nærumst á því að vera í samneyti við annað fólk og finna að það muni um okkar framlag í lífi og starfi. Við erum lítið land og það munar um hvern og einn á vinnumarkaðnum. Þetta snýst svo mikið um viðmót og viðhorf. Þó þú sért að fara í starf sem þú myndir kannski ekki sækja í undir venjulegum kringumstæðum þá er mikilvægt að hugsa að það muni um þig hér á þessum stað, það vantaði manneskju og þú svaraðir kallinu. Það er gott að líta á þetta sem reynslu í bankann.

Í svona árferði er líka einmitt rétti tíminn til að fara í naflaskoðun og margir sem gera það frekar þegar svona stendur á en þegar efnahagslífið er eðlilegt og fólk á auðveldara með að sækja í störf sem hæfa menntun þess og reynslu. Er ekki eitthvað annað sem þig hefur alltaf langað til að prófa? Það er einmitt við svona tímamót í lífi fólks sem rifjast upp fyrir því gamlir draumar eða eitthvað sem það langaði alltaf til að gera þegar það var yngra. Það er nefnilega þannig að í sögulegu samhengi hafa mjög oft skapast ný tækifæri í kreppum þar sem fólk er ýtt út í nýjar og skapandi aðstæður.“

LINKEDIN, HEILSURÁÐGJÖF OG NÚVITUND

„Við erum komin með alls kyns hugmyndir að námskeiðum og fyrirlestrum fyrir félagsmenn og við munum örugglega leika okkur með formið eins og VR hefur verið að gera undanfarið, það er að segja að senda út viðburði í streymi og fá litla hópa til okkar í hús. Mér finnst bæði mikilvægt að viðburður sé ekki of langur og að það geti hentað fleirum en þeim sem eru í atvinnuleit; núvitund, fjármálaráðgjöf, skipulagsráðgjöf, heilsuráðgjöf o.m.fl.

Mig langar líka til þess að ýta því að félagsmönnum að nota LinkedIn í meira mæli og vera þá með kynningu á þeim samfélagsmiðli en LinkedIn er mjög mikið notað í Evrópu og Bandaríkjunum og fólk er aðeins farið að nota meira hérlandis. Það er ótrúlega mikilvægt þegar þú ert í atvinnuleit að þú notir þennan miðil sem frá upphafi hefur verið hugsaður sem faglegur samfélagsmiðill þar sem hægt er að vera sýnilegur, birta pistla og einnig deila áhugaverðu efni frá þekktum eða óþekktum stjórnendum og sérfræðingum úr atvinnulífinu á heimsvísu. LinkedIn er ekki endilega flókin í notkun en það væri nytsamlegt að fá sýnikennslu í því að gera flottan og skotheldan prófil. Við ætlum líka að vera í virku samtali við þá sem eru að ráða fólk og fá til okkar sérfræðinga úr þeirra hópi til þess að gefa okkur upplýsingar um stöðuna á ráðningarmarkaðnum. Það er því ljóst að það verður ýmislegt í boði fyrir félagsmenn okkar hér í haust og vetur og vonandi að félagsmenn geti nýtt sér það sem við höfum upp á að bjóða og þar með styrkt stöðu sína á atvinnumarkaðnum til frambúðar. ■

NÁMSKEIÐ FYRIR FÉLAGSMENN

Líkt og margir þjónustuaðilar hefur VR þurft aðlaga sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu og hefur því brugðið á það ráð að bjóða upp á rafræna fyrirlestra og námskeið í stað þeirra hefðbundnu sem krefjast þess að félagsmenn mæti á staðinn. Skráning fer fram á vr.is.

GRUNNATRIÐI GÓÐRAR HEILSU

13. október kl. 8:30-10:00

Leiðbeinandi: Sólvi Tryggvason, rithöfundur og fyrirlesari

Á þessu örnámskeiði verður farið yfir mikilvæg atriði er snúa að tengingu milli andlegrar og líkamlegrar heilsu. Sólvi fer yfir ýmis atriði varðandi heilsu og setur þau í samhengi á einfaldan og nytsamlegan hátt en eftir að hafa sjálfur misst heilsuna neyddist hann til að gerast sérfræðingur í heilsu. Hann hefur á undanförunum árum lært af framúrskarandi fólki um allan heim og gert mikið af tilraunum á sjálfum sér. Þar má nefna kælingu, föstur, næringu, hreyfingu, bætiefni og margt fleira. Á þessu örnámskeiði verður lögð sérstök áhersla á nytsamlegar aðferðir til að takast á við þá krefjandi tíma sem nú eru uppi. Þar má nefna leiðir til að láta heilann vinna með líkamanum, draga úr kvíða og streitu og ýmsar leiðir til að halda ónæmiskerfinu öflugum.

Námskeiðið verður einungis í boði á rafrænu formi í gegnum samskiptaforrit. Nánari upplýsingar um framkvæmd námskeiðsins verða sendar þátttakendum síðar.

JOB SEARCHING IN ICELAND

14. október kl. 8:30-10:00

Instructor: Einar Sigvaldason, MBA
and Executive Coach at Senza Partners

During times when many people are looking for a job it is very important to know where to look and what methods work best. This short seminar will cover all the basics of how to search for – and hopefully land - a new job in Iceland. Einar will go over: Where to look for a job. What methods to use in the job search. How to build a winning CV. The importance of framing, categorizing and branding the history of your life. How to build a formal cover letter. How to write a convincing e-mail body and when to use that vs. a cover letter. What to say and what not to say in an interview.

The seminar will only be held electronically through a communication program. Further information regarding the set up will be sent to participants.



KNOW YOUR RIGHTS

21. október kl 8:30-10:00

Instructor: Berglind Laufey Ingadóttir, specialist in workplace rights

VR offers a short seminar in English about your rights in the workplace, according to the Collective Agreement. VR will provide practical information about the rights and duties of employees in the Icelandic work market and introduce the services provided by the union. The main issues of our collective agreements will be introduced, e.g. sick leave, termination of employment, holiday rights, working hours and earned rights.

The seminar will only be held electronically through a communication program. Further information regarding the set up will be sent to participants.

BESTU ÁRIN - BETRA LÍF EFTIR STARFSLOK

27., 28. og 29. október kl. 09:00-12:00

Leiðbeinandi: Ásgeir Jónsson, MBA og alþjóðlega vottaður markþjálfari

Ertu að huga að starfslokum eða nýlega hætt/ur á vinnumarkaði? Þá er þetta námskeið fyrir þig. VR býður félagsmönnum á aldrinum 63-72 ára á námskeið sem hefur það að markmiði að auðvelda breytingu á lífsháttum sem gjarnan verður við starfslok. Markmiðið með námskeiðinu er að opna augu þátttakenda fyrir þeim tækifærum, og möguleikum sem þessi tímamót bjóða uppá. Hvort sem er varðandi næringu, hugarfarar eða það sem lítur að peningum og fjárhagsstöðu fólks.

Námskeiðið er alls 9 tímar og verður haldið í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar 27., 28. og 29. október frá kl. 09:00 - 12:00. Léttur morgunverður í boði. Til að gæta sóttvarna og tryggja þau fjarlægðarviðmið sem eru í gildi milli ótengdra einstaklinga er mjög takmarkað pláss á námskeiðið. Við hvetjum félagsmenn til að huga einnig vel að einstaklingsbundnum sóttvörnum þegar mætt er á námskeiðið, t.d. með því að spritta hendur áður en kaffivél/vatnsvél er notuð og mæta með eigin fjölnota bolla eða drykkjarlát. Einnig verður hægt að taka þátt rafrænt í gegnum samskiptaforrit.

Nánari upplýsingar
um hádegisfyrirlestra
er að finna í
atburðadagatali VR
á www.vr.is

AÐ RATA Í FRUMKVÖÐLAUMHVERFINU

11. nóvember kl. 8:30-10:00

Leiðbeinendur: Svava Björk Ólafsdóttir
og Hafdís Huld Björnsdóttir, stofnendur RATA

Að fá viðskiptahugmynd er eitt en að koma henni í framkvæmd er annað mál. Þetta námskeið er hugsað sem leiðarvísir fyrir einstaklinga og teymi sem vilja móta og þróa áfram viðskiptahugmyndir. Ferlið frá hugmynd að starfandi fyrirtæki verður kortlagt ásamt stuðningsumhverfinu og þeirri þjónustu sem frumkvöðlum stendur til boða á Íslandi í dag. Hver eru næstu skref fyrir hugmyndina mína? Hvaða þjónusta, ráðgjöf og verkefni eru í boði fyrir mig? Hvernig fjármagna ég viðskiptahugmyndina? Hvernig stækka ég tengslanetið mitt í frumkvöðlaumhverfinu? Svava og Hafdís búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu af verkefnastjórnun og skapandi nýsköpunarferlum nýrra og starfandi fyrirtækja.

Námskeiðið verður einungis í boði rafrænt í gegnum samskiptaforrit. Nánari upplýsingar um framkvæmd námskeiðsins verða sendar þátttakendum síðar.

HÓPMARKÞJÁLFUN FYRIR ATVINNULEITENDUR

Sjá dagsetningar í atburðadagatali VR á vr.is

Langar þig að ná fram því besta í þér á krefjandi tímum? Skerpa áherslur, móta framtíðarsýn og virkja styrkleikana þína til að takast á við atvinnumissi og atvinnuleit? Þá er þetta námskeið eitthvað fyrir þig. Hópmarkþjálfun er námskeið þar sem hópur einstaklinga kemur saman til að vinna með tiltekið viðfangsefni. Á námskeiðinu verður notast við aðferðir markþjálfunar þar sem hver þátttakandi vinnur og tekur þátt á sínum forsendum. Á námskeiðinu læra þátttakendur með og af hverjum öðrum. Í hópmarkþjálfun getur oft skapast góð liðsheild og traust sem eykur persónulegan vöxt. Tilgangur þessa námskeiðs er að styðja við félagsmenn VR, sem hafa misst vinnuna sökum sviptinga á vinnumarkaði, til að takast á við breytingar, finna hvað einstaklingar vilja varðandi atvinnu og finna leiðir til að ná þeim markmiðum.

RAFRÆNIR HÁDEGIS- FYRIRLESTRAR

Líkt og margir þjónustuaðilar hefur VR þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu og hefur því brugðið á það ráð að bjóða upp á rafræna fyrirlestra og námskeið í stað þeirra hefðbundnu sem krefjast þess að fá félagsmenn á staðinn. Skráning á rafræna hádegisfyrirlestra fer fram á vr.is.

HVERNIG ÞEKKJA TÆKNIRISAR OKKUR OFT BETUR EN VIÐ SJÁLF?

8. október kl. 12:00-13:00

Leiðbeinandi: Þór Matthíasson, þróunarstjóri hjá Svartagaldri
og sérfræðingur í stafrænni auglýsingamiðlun

Hvernig veit Facebook auglýsing að mig langar að fara til Balí ef ég hef aldrei sagt nokkrum manni frá ferðadraumunum? Svo eftir að hafa keypt ferðina mína til Balí hvernig stendur á því að ég fæ auglýsingu á YouTube fyrir sólarvörn? Eru þessir miðlar að njósna um mig eða liggur meira að baki? Í fyrirlestrinum fer Þór yfir það hvernig stendur á því að Facebook, Twitter og LinkedIn, ásamt Google, Amazon og öðrum tæknirisum þekkja okkur oft betur en við sjálf.

Hádegisfyrirlesturinn verður haldinn í streymi og verður aðgengilegur á Mínum síðum eftir það til 30. nóvember 2020.

SVEFN OG MIKILVÆGI HANS


12. nóvember kl. 12:00-13:00

Leiðbeinandi: Erla Björnsdóttir,
sálfræðingur og stofnandi Betri svefns

Svefn er ein af þremur grunnstoðum heilsu og fjöldi rannsókna staðfestir að ef sofið er of lítið, eða of mikið, þá geti það leitt til alvarlegra sjúkdóma. Síðustu misseri hefur orðið mikil vitundarvakning um mikilvægi svefns og vitað er að góður svefn styrkir t.d. varnarkerfi líkamans, endurnýjar frumur og losar út eiturefni. Erla er einn reyndasti svefnsérfræðingur landsins og í þessum fyrirlestri fer hún yfir áhugaverðar staðreyndir um svefn og gefur góð ráð til að auka gæði svefnsins.

Hádegisfyrirlesturinn verður haldinn í streymi og verður aðgengilegur á Mínum síðum eftir það til 20. desember 2020.

KROSSGÁTAN

						Frí- stundar krossgátur @	ÁTT- FÆTLA	FITU- EFNUM	KÚNST		EKKI MARGA	UMFRAM	VEGG- TJALDI	MÁTT- LITIL	MJÖG KÁTUR	SAM- SETNING LJÓSS					
						ELDS- NEYTI				ANDDYRI	1										
						BJÖR				HRET- VIÐRI KREISTI											
						GRÚTAR- HÁTTUR									SKORÐ- UD KIRKJU- BORD						
						GJÁLFUR MATAR- VEISLA									DRYKK- FELLD GLJÁHÜÐ						
		LÉT FARA	EKKI MULID		OF LÍTID	STÖNS- UM VITFIRR- INGAR			VONDI OFSA- LEGAR						KUSK ROTNNA						
TOGAÐI		2		SYTL MAKKA				HEST- SJK- DOM KONA (skáldamál)							RÁNDÝR SMÁ- RUNNA						
KJAGAD						STAÐ- LYNDUR PEYSIST									SKÚTA	GÆTNI					
KLAMP- ARNIR							KNÝ BÁTINN BELJA			BRAGÐ- BÆTA BLÖKK							3				
SK.ST. PYNGD- AR		TRALL- HLJÖÐ SÁ SJÓUNDI			VEIKIST BÆLDS						SIGRUD- UD RÖDDIN										
SKÝLI ÚR DÚKI					9	VIÐ- SKIPTA- VINIR SNÚNIR	4						HLJÖÐ TÖFU GÁFU EGG								
PASTA						ÓTAMINN SK.ST. VERD- ANDI									GELT GLÖÐAR- STEIKTA						
Á FÆTI			FÓDRUD ÁARNIR					SÖNG- LEIKIR HERKVÍ						FÉKK ÁORKAD SIDI							
SPIL				ÁSTUND- UN SEINNA			5			TRÉS BAREFLI					HAG- NYTIR	KROPP- ADA					
DISKANT- LYKILL		UPP- GÓTVADI MOLLU- LEGT				DRYKK- JARILÁT HAGNYTA				6	TÍUNA KÖFN- UNAR- EFNI										
			7					TOLLI ELDUR				GANG- FLATA SNAGA									
	DVELUR LIDDÝR				INNAN SÚÐAR- ÞAKSINS GLÖGG									EYDING UMBER							
MJÚKAN						ÞORP- ARA SK.ST. EININGAR								TÝNA PRÓF- TITILL							
JARÐ- YRKJA							8	ÞOLID													
AFRÉTT- ARI								LIT- STERK- ARA													



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Húsagarður“.

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta VR-blaði var Gréta Vigfúsdóttir. Gréta hefur starfað í söludeild í um 40 ár, fyrst hjá Osta- og smjörölunni um árabíl og nú hjá Mjólkursamsölu eftir sameiningu fyrirtækjanna. Hún er mikil fjölskyldukona og segir fjölskylduna skipta sig öllu máli. Í frítíma sínum reynir Gréta að ferðast. Þá skiptir engu hvort um sé að ræða ferðir innan eða utan landsteinanna. Sömuleiðis er hún iðin við handavinnu, þá aðallega þrjón, hekl, útsaum, perlusaum og kortagerð.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „krossgáta“ utan á umslagid. Skilafrestur er til **6. nóvember 2020**. Utanaskrifin er: VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is.

TILBOÐ TIL FÉLAGSMANNA VR

FÉLAGSMÁL

ALFRED'S APARTMENTS

Hvað: 15% afsláttur af allri gistingu fyrir félagsmenn VR. Í öllum íbúðunum er fullbúið eldhús, sérbaðherbergi og ókeypis þráðlaust internet. Sængurfatnaður og handklæði fylgja með. Gæludýr eru leyfð í sumum íbúðum. Þvottaaðstaða er í húsinu.

Hvar: Frakkastigur 6a, 101 Reykjavík. Bókanir fara fram á alfreds.is, afsláttakóði er látinn fylgja með og má finna á Mínum síðum.

Gildir til: 31.12.2020

AVIS

Hvað: Helgarleiga (jafngildir þriggja sólarhringa leigu) með ótakmörkuðum akstri, kaskó tryggingu og auka ökumanni. Huyndai Tuscon Comfort, heildarverð aðeins 34.900kr. Landover Discovery SPORT, heildarverð aðeins 37.900kr. Landover Discovery 5 SE, heildarverð aðeins 68.900 kr.

Hvar: Holtavegi Holtagörðum, 104 Reykjavík. Pantanir á tilboðinu fara í gegnum netfangið avis@avis.is. Afsláttarkóð er á Mínum síðum.

Gildir til: 31.12.2020

CITYWALK

Hvað: 20% afsláttur af gönguferð um Reykjavík með sagnfræðingi. 32.000 kr fyrir hóp, allt að 20 manns, (a.m.k. einn þeirra í VR). Upplagt fyrir starfsmannafélög, árs hátíðir, saumaklúbba og áhugamenn um borgina! Gengið er um bæinn í fylgd með vönum og hressum sagnfræðingi sem segir sögu bygginga og gatna á skemmtilegan máta í 1-2 klst. Jafnvel með drykkjarstoppi ef fólk vill taka hálfleik.

Hvar: Miðbær Reykjavíkur. Bókanir fara fram í gegnum netfangið citywalk@citywalk.is, og kóði látinn fylgja með, kóðann er að finna á Mínum síðum. Framvísun á félagsskírteini VR við greiðslu.

Hvenær: Ótímabundið, alla daga.

FAGRAHLÍÐ GUESTHOUSE

Hvað: Glæsileg fjögurra herbergja (98fm) útsýnis íbúð. Þrjú tveggja manna herbergi, baðherbergi með sturtu, fullbúið eldhús, borðstofa og setustofa ásamt rúmgóðri verönd með húsgögnum og heitum potti. Kolagrill er á staðnum. 1-3 nætur: 25.000 kr. nóttin. 4-6 nætur: 20.000 kr. nóttin. 7 nætur eða fleiri: 15.000 kr. nóttin.

Hvar: Fljótshlíð, 861 Hvolsvöllur. Pantað er í gegnum netfangið liljan@liljan.is, og kóði látinn fylgja með, kóða má finna á Mínum síðum.

Gildir til: 30.10.2020

FAGRAHLÍÐ GUESTHOUSE

Hvað: Stúdíó íbúð. Notaleg íbúð (23 fm) með rúmgóðum palli og útihúsgögnum. Fjórir geta gist í íbúðinni. Þar er hjónarúm ásamt koju, lítið eldhús og baðherbergi með sturtu. Aðgangur er að heitum potti. Kolagrill er á staðnum. 1-3 nætur: 15.000 kr. nóttin. 4-6 nætur: 13.000 kr. nóttin. 7 nætur eða fleiri: 10.000 kr. nóttin.

Hvar: Fljótshlíð, 861 Hvolsvöllur. Pantað er í gegnum netfangið liljan@liljan.is og kóði látinn fylgja með, kóða má finna á Mínum síðum.

Gildir til: 30.10.2020

FLUGFÉLAG AUSTURLANDS

Hvað: 20% afsláttur af útsýnisflugi frá Egilsstöðum og Norðfirði í sumar. Upplifðu Austurland frá nýju sjónarhorni þar sem einar mestu náttúruperlur Íslands er að sjá!

Hvar: Kringlunni 7 8.hæð, 103 Reykjavík.

Gildir til: 31.12.2020

HÓTEL ÍSLAND

Hvað: Frábær verð á hótélherbergjum í sumar. Aðgangur að spa fylgir öllum herbergjum fyrir utan standard.

Hvar: Hótel Ísland, Ármúli 9, 108 Reykjavík. Slóð á bókunarsíðu er að finna undir afsláttakóðum á Mínum síðum.

Gildir til: 28.12.2020

ICELANDAIR HOTELS

Hvað: 20% afsláttur af gistingu á veturna (01.10 til 31.05) og 10% afsláttur af gistingu á sumrin (01.06 til 30.09).

Hvar: Icelandair Hotels Reykjavík Marina, Reykjavík Natura, Hamar, Akureyri, Mývatn og Hérað.

Hvenær: Dagar sem er laust á hótelinu.

Gildir til: Ótímabundið

JÖRGENSEN KITCHEN & BAR

Hvað: Félagsmenn fá 20% afslátt af öllum réttum á la carte seðli á Jörgensen Kitchen & Bar. Gildir ekki af drykkjum eða öðrum tilboðum.

Hvar: Laugavegur 120, 101 Reykjavík. Pantað er í gegnum vefsíðu Jörgensen kitchen & bar. Gildir gegn framvísun á félagsskírteini VR við greiðslu. Sótt rafrænt í gegnum mínar síður VR.

Gildir til: 14.05.2021

STYRKJUM ÍSLAND - GJAFABRÉF

Hvað: Gjafabréf sem gildir á mikinn fjölda gistaða um land allt. sem kostar 14.990 kr. „Styrkjum Ísland“ er óhagnaðardrifð og er hugsað sem hvati fyrir Íslendinga til að ferðast um landið, nýta sér og kynna þeim flottu gistingualeikum sem í boði eru.

Hvar: Rafrænt.

Gildir til: 31.05.2021

WHALES OF ICELAND

Hvað: 2 fyrir 1 á hvalasýninguna.

Hvar: Fiskislóð 23-25, 101 Reykjavík. Gegn framvísun á félagsskírteini VR við greiðslu. Sótt rafrænt í gegnum Mínar síður.

Gildir til: 31.12.2020

Fleiri tilboð er að finna á vefnum vr.is/tilbod.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Kynntu þér málið á vr.is/trunadarmenn

VR